



Ritgerð til BA-prófs í íslensku sem öðru máli

Konur, menn og fólk

Samanburður á kynjakerfi í íslensku og serbnesku og breytingar á þeim í ljósi femínískrar málstýringar

Isidora Glisic

Leiðbeinendur: Guðrún Þórhallsdóttir
Katrín Axelsdóttir

Febrúar 2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslenska sem annað mál

Konur, menn og fólk

*Samanburður á kynjakerfi í íslensku og serbnesku og
breytingar á þeim í ljósi femínískrar málstýringar*

Ritgerð til B.A.-prófs

Isidora Glisic

Kt.: 230986-5259

Leiðbeinendur: Guðrún Þórhallsdóttir

Katrín Axelsdóttir

Janúar 2020

Ágrip

Þessi ritgerð er lögð fram til B.A.-prófs í íslensku sem öðru máli frá Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Viðfangsefni hennar er samanburður á stöðu málfræðilegra kynja í íslensku og serbnesku, en hér eru færð fram rök fyrir því að breytingar hafa komið fyrir í notkun málfræðilegs kyns. Sumar þessara breytinga tengjast femínískri hugmyndafræði og kröfu um að nota svokallaða ókynjað málfar. Íslenska og serbneska eru bæði tungumál af indóevrópsku tungumálaættinni með þrjú málfræðileg kyn og hafa bæði erfð karlkyn í hlutleysishlutverki. Þetta hlutverk er farið að breytast undanfarið og í þessari ritgerð verður leitast við að greina frá hvaða breytingar eru lagðar til, hvaða aðilar standa á bak við breytingarnar og hvernig þessi málsamfélög bregðast við þeim á mismunandi hátt.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Kyn sem málvísindalegt viðfangsefni	3
2.1	Hugtakið kyn og skyld hugtök.....	4
2.2	Kynjakerfið í íslensku	8
2.3	Kynjakerfið í serbnesku.....	11
2.4	Samantekt	16
3	Um málstaðal og breytingar á honum í ljósi femínískrar málstýringar	16
3.1	Málstefna og málstýring.....	16
3.2	Femínísk málstýring	20
3.3	Beiting femínískrar málstýringar og mótspyrna gegn henni.....	23
3.4	Samantekt	27
4	Í leit að hlutlausara máli	27
4.1	Ný kynvitund og hvorugkynjun.....	27
4.2	Starfsmenn, starfskonur og starfsfólk.....	33
4.3	Samantekt	37
5	Lokaorð	41
	Heimildaskrá	43

1 Inngangur

Í íslensku og serbnesku nútímamáli bendir ýmislegt til þess að notkun málfræðilegs kyns sé að breytast. Þessi tvö tungumál hafa margt sameiginlegt í kynjakerfinu enda eru bæði indóevrópsk tungumál með þrjú málfræðileg kyn og hafa bæði erfð karlkyn í hlutleysishlutverki. Það þýðir í stuttu máli að það teljist eðlilegt að nota karlkyn þegar talað er um ótilgreinda einstaklinga og hópa og oft eru nafnorð í karlkyni notuð til þess að vísa til fólks af báðum kynjum. Þetta er farið að breytast og karlkyn farið að glata sinni stöðu sem hlutlaust málfræðilegt kyn. Sumar þessara breytinga tengjast femínískri hugmyndafræði og kröfu um að nota svokallaða ókynjað málfar. Umfang breytinganna er mismikið í íslensku og serbnesku og málsamfélög bregðast við þeim á mismunandi hátt en þær breytingar henta misvel hvoru tungumálinu um sig. Ritgerð þessari er ætlað að varpa ljósi á hvaða breytingar eru lagðar til, hvaða aðilar standa á bak við breytingarnar og hvar umræðan er stödd um femínískar málumbætur í málsamfélögunum tveim.

Efnisskipan er sem hér segir. Umfjöllunarefni 2. kafla ritgerðarinnar er kyn sem beygingarformdeild og málfræðilegt hugtak ásamt flokkun þess innan málvísinda. Greint verður frá kynjakerfum í íslensku og serbnesku og sérstaklega tengsl milli málfræðilegs og líffræðilegs kyns. Í kafla 3 verða hugtökin málstefna og málstýring kynnt til sögunnar auk þess sem gefið verður yfirlit um íslenska og serbneska málstefnu og hvernig þessi málsamfélög bregðast við málstýringu og beitingu hennar. Í framhaldi af því verður fjallað um femíníska málstýringu, eðli hennar og helstu aðferðir sem hún beitir. Í 4. kafla verða nýlegar breytingar á notkun málfræðilegra kynja í málunum tveim til umfjöllunar og tengsl þeirra við femíníska málstýringu.

2 Kyn sem málvísindalegt viðfangsefni

Í þessum kafla verður *kyn* kynnt sem hugtak innan málvísinda og beygingarformdeild í íslensku og serbnesku. Fyrst verður hugtakið skilgreint sem málfræðilegur þáttur og áherslan lögð á greiningu á málfræðilegu og líffræðilegu kyni og hvernig hvort tveggja birtist í máli. Þá verður flokkun í málfræðilegt, merkingarlegt, tilvísandi og félagslegt kyn skoðuð og útskýrð. Því næst eru

kynjakerfi í íslensku og serbnesku tekin til skoðunar og litið á tengsl milli málfræðilegs og líffræðilegs kyns, samræmi milli nafnorða, lýsingarorða og fornafna, og notkun persónufornafna yfir ótilgreinda einstaklinga og blandaða hópa.

2.1 Hugtakið kyn og skyld hugtök

Um hugtakið *kyn* er rætt í ýmsum fræðigreinum. Í félagsvísindum er nú greint á milli líffræðilega skilgreinds kyns (e. *sex*) og félagslega mótaðs kyngervis (e. *gender*). Kyngervi er skilgreint sem „menningarbundin merking sem samfélagið leggur í hið líffræðilega kyn, það er væntingar um karlmennsku og kvenleika. Þannig hefur hvert samfélag ákveðnar væntingar um hvað það þýði að vera karl eða kona, um verksvið og skyldur kynjanna og það hvernig konur og karlar eigi að líta út og hegða sér“ (Þorgerður Þorvaldsdóttir 2010). Í því samhengi er ekki lengur greint milli aðeins tveggja kynja því að talað er um mörg fleiri, eins og orðin *algerva*, *eigerva* eða *dulkynja* eru til marks um.¹ Um nýja kynvitund og hugsanleg áhrif hennar á tungumálið verður rætt í kafla 3.1.

Í málvísindum er íslenska orðið *kyn* á hinn bóginn notað bæði til að vísa til líffræðilegs kyns, félagslegs kyngervis og þess sem heitir málfræðilegt kyn. Serbneska hefur nafnorðin *pol* sem samsvarar líffræðilegu kyni (lat. *sexus*) og *rod* sem er málfræðilegt og félagslegt hugtak (lat. *genus*). Líffræðilegt kyn á við mannverur af sitthvoru kyni en málfræðilegt kyn á aðeins við um málfræðilega flokkun orða. Í síðara samhenginu geta kyn verið allskonar og mismörg, í sumum tungumálum er að ræða eitt kyn fyrir lifandi verur og annað fyrir dauða hluti, sum tungumál greina frá 20 mismunandi kynjum en önnur greina alls ekki frá kynjum, eins og tyrkneska eða finnska (Bussmann og Hellinger 2001:5).

Bæði íslenska og serbneska tilheyra indóevrópsku tungumálaættinni; íslenska þróaðist úr germönsku kvíslinni á indóevrópska ættartrénu en serbneska úr þeirri slavnesku. Ýmsir þættir tungumálanna eru úr frumindóevrópsku, móðurtungu indóevrópsku málaættarinnar, þar á meðal kynjakerfi sem í bæði

¹ *Algerva* er notað yfir kynvitund þeirra sem upplifa sig sem öll kyn. *Eigerva* er notað yfir kynvitund þeirra sem upplifa sig ekki sem neitt kyn; finna ekki neina kynvitund með sér. *Dulkynja* er notað yfir kyntjáningu einstaklings sem fellur ekki auðveldlega að kvenkyns eða karlkyns kyntjáningu. *Dulkynja* snýr að útliti og kyntjáningu einstaklingsins og því geta *dulkynja* einstaklingar verið með hvaða kynvitund sem er. Þessi hugtök eru fengin af orðalista Samtakanna '78 á síðunni: <https://trans.samtokin78.is/ordalisti/>

Íslensku og serbnesku nútímamáli einkennist af þremur kynjum: karlkyni, kvenkyni og hvorugkyni. Talið er þó að frumindóevrópska hafi upphaflega aðeins haft tvö kyn, *samkyn* (lat. *genus commune*) sem vísaði til fólks og lifandi vera og *hvorugkyn* (lat. *genus neutrum*) sem notað var yfir hluti og hugtök. Það var því í upphafi ekki gerður málfræðilegur munur á því hvaða líffræðilegu kyni fólk tilheyrði en kvenkynið þróaðist miklu seinna úr hvorugkyni á meðan karlkynið erfði hlutleysishlutverk samkynsins í umfjöllun um lifandi verur (Jón Axel Harðarson 2001:262–266). Þetta má sjá í því að til eru mörg karlkynsnafnorð og lýsingarorð í karlkyni sem geta vísað til bæði karl- og kvenvera og til þeirra er vísað með karlkynsfornöfnum, eins og *fullorðnir, aldraðir, hlustandi, áhorfandi*. Indóevrópsk tungumál sem héldu í þrískipt kynjakerfi hafa öll karlkyn í einhvers konar hlutleysishlutverki í dag en notkun kvenkyns hefur verið takmarkaðri (Bussmann og Hellinger 2001). Í næstu undirköflum verður greint frá hlutverki karl- og kvenkyns í serbnesku og íslensku.

Í ritinu *Gender across languages* (2001) skilgreina Hellinger og Bussmann fjóra flokka sem eiga við kyn í tungumáli: málfræðilegt kyn (e. *grammatical gender*), merkingarlegt kyn (e. *lexical gender*), tilvísandi kyn (e. *referential gender*) og félagslegt kyn (e. *social gender*). Um málfræðilegt kyn var rætt aðeins hér að ofan en það er beygingarformdeild í nokkrum orðflokkum. Í íslensku og serbnesku er kynið orðasafnsþáttur nafnorða, þ.e. fastur þáttur hjá nafnorðum sem stjórnar samræmi milli nafnorðsins og tengdra orða sem geta verið greinir, lýsingarorð, fornöfn, töluorð eða sögn.² Í tungumálum sem hafa málfræðilegt kyn eru að jafnaði tvö eða þrjú kyn en flokkun kynja getur breyst með því að innleiða nýja undirflokk eða fækka málfræðilegum kynjaflokkum; sum tungumál hafa alveg misst upprunalegt kynjakerfi sitt. Merkingarlegt kyn er í raun það sama og líffræðilegt kyn (eða raunkyn) skoðað í samhengi málfræðilegs kyns. Það snýr að merkingarlega kynbundnum nafnorðum, þ.e. nafnorðum sem eiga við karl- eða kvenverur. Vissulega eru tengsl milli málfræðilegs og líffræðilegs kyns í mörgum tungumálum, þ. á m. serbnesku og íslensku, en samræmi þarna á milli er alls ekki algilt. Í sumum orðum, sérstaklega þeim sem vísa til fólks af sitthvoru kyni (eins og orðum um frændsemi), er mikið samræmi í mörgum tungumálum, þannig að orð eins og *karl* (s. *muškarac*, kk.), *strákur* (s. *dečak*, kk.) og *afi* (s. *deda*, kk.) hafa öll karlkyn sem

² Kyn frumlags ræður kyni sagnar í tveim sagnformdeildum í serbnesku: þátíð og lýsingarhætti þátíðar (sem notaður er í þolmynd)

raunkyn og *kona* (s. *žena*, kvk.), *stelpa* (s. *devojka*, kvk.), *móðir* (s. *majka*, kvk.) hafa kvenkyn sem raunkyn, þ.e.a.s. líffræðilegt kyn samsvarar málfræðilegu kyni. En raunkyn þess sem orð vísar til getur verið annað en málfræðilegt kyn orðsins, eins og íslenska orðið *kvenprófessor* sýnir. Í miklum beygingarmálum eins og serbnesku er notkun merkingarlegs kyns mun sýnilegra en í flestum germönskum tungumálum einfaldlega vegna þess að í slavneskum málum eru til mörg virk og frjósöm viðskeyti sem mynda kvenkynsnafnorð.

Tilvísandi kyn skilgreinir einstakling sem vísað er til sem karlkyns eða kvenkyns; ef kynferði er ekki tilgreint er notað annaðhvort karlkyn eða hvorugkyn. Í tungumálum með málfræðilegt kyn verður til flókið samband milli málfræðilegs og tilvísandi kyns í tengslum við meirihluta persónulegra nafnorða (hér með er átt við orð sem vísa til fólks eins og frændsemissorð eða starfsheiti, og jafnvel sérnöfn). Hér er rætt um tvenns konar tilvísun: *bendivísun* og *endurvísun* (Höskuldur Þráinsson 2005:516-518). Bendivísun er hugtak sem er notað þegar verið er að vísa í líffræðilegt kyn ákveðinnar persónu eða hóps óháð málfræðilega kyninu. Dæmi úr serbnesku:

(2.1) Bio sam kod **doktora**. **Rekla** mi je da pijem više vode. verið.lh.kk. hjá læknir.kk. sagði.lh.kvk. mér að drekka meira vatn. *Ég fór til læknis. Hún sagði mér að drekka meira vatn.*

Hér vegur líffræðilegt kyn læknisins (sem er í þessu dæmi kona) þyngra en málfræðilegt kyn nafnorðsins, sem er karlkyn. Svona dæmi má einnig finna í íslensku. Þegar vísað er til tiltekins þekkts einstaklings er oft gripið til bendivísunar. Það var sérstaklega áberandi þegar Vigdís Finnbogadóttir var forseti Íslands og Íslendingar, ekki síst blaðamenn og fréttamenn, voru óvissir um hvort nota ætti karlkynsfornafnið *hann* eða kvenkynsfornafnið *hún* þegar um forseta var að ræða (Finnur Friðriksson 2017). Á hinn bóginn tekur endurvísun ekki tillit til líffræðilegs kyns einstaklings eða hóps. Dæmi úr íslensku:

(2.2) Krakkarnir (kk.) voru svangir (kk). **Þeir** (kk.) tóku ekki nesti í skólann.

Þótt nafnorðið krakkar geti vísað til blandaðs hóps er hér notað fornafrnið *þeir* sem vísar til málfræðilegs kyns orðsins. Ef bendivísun væri tekin mun setningin líta öðruvísi út:

(2.3) Krakkarnir (kk.) voru svöng. **Þau** (hk.) tóku ekki nesti í skólann.

Hér hefur einnig samræmi lýsingarorðsagnfyllinga við frumlag vikið fyrir líffræðilegu kyni. Í íslensku nær merkingarlega kynið oftast yfirhöndinni ef langt er á milli sagnfyllingar og frumlags (Eiríkur Rögnvaldsson 2013). Í serbnesku er svona ósamræmi milli frumlags og sagnfyllingar eða lýsingarorðs óhugsandi. Einnig hafa kvenkyns nafnorð sem eiga við manneskjur tilhneigingu til að eiga bara við kvenkyns lífverur, en nafnorð sem eru málfræðilega karlkyns hafa fleiri merkingarlega og vísandi möguleika.

Félagslegt kyn er sá flokkur sem vísar til samfélagslegrar tvískiptingar kynjanna miðað við hlutverk þeirra og persónueinkenni. Um félagslegt kyn má tala hjá nafnorðum sem eiga við manneskjur ef ekki er hægt að útskýra form tengdra orða (t.d. sagnfyllingar eða persónufornafns sem leysir af orðið) með málfræðilegu né merkingarlegu kyni. Sem dæmi er hægt að nefna kvenkynsorðið *lögga* sem oft er vísað til með karlkynsfornafrni því að karlmenn eru fremur taldir vera löggur heldur en konur (Eiríkur Rögnvaldsson 2013). Félagslegt kyn er samt meira áberandi í tungumálum eins og ensku þar sem málfræðilegt kyn er ekki til í nafnorðum.

Í næstu undirköflum 1.2 og 1.3, verður rætt um kynjakerfi í íslensku og serbnesku með sérstaka áherslu á eftirfarandi þætti:

- Tengsl milli málfræðilegs og líffræðilegs kyns: Skoðað verður hvort tengsl eru á milli raunkyns nafnorða og málfræðilegs kyn þeirra og í hvers konar orðum.
- Samræmi milli nafnorðs og fornafrna – er bendivísun eða endurvísun notuð og í hvaða samhengi?
- Notkun persónufornafna yfir ótilgreinda einstaklinga og blandaða hópa – hvaða fornöfn leysa af nafnorð sem vísa til mannvera og hvers vegna?
- Samræmi milli frumlags og sagnfyllingar – hvernig samræmast frumlagið og sagnfyllingin í kyni? Borið verður saman hvort samræmi nafnliða er í setningunni í báðum tungumálum.

2.2 Kynjakerfið í íslensku

Íslenska greinir á milli þriggja málfræðilegra kynja: karlkyns, kvenkyns og hvorugkyns í tveim tölum (eintölu og fleirtölu) og fjórum föllum. Í nafnorðum og í þriðju persónu fornöfnum er kyn orðasafnsþáttur sem þýðir að við verðum að læra það sérstaklega. Nafnorð hafa þannig fast kyn sem breytist ekki. Fáein nafnorð eru til sem eru undantekning á þessu eins og t.d. orðið *jógúrt* sem getur verið annaðhvort í kvenkyni eða hvorugkyni en merkingin er sú sama burtséð frá því hvaða kyn er valið. Orðið *foreldri* er einnig sérstakt þar sem eintöluorðið er í hvorugkyni (*foreldri*, hk.) en fleirtalan er í karlkyni (*foreldrar*, kk.). Í fyrstu og annari persónu er kyn grunnþáttur. Við getum sagt bæði *ég er glaður* og *ég er glöð*, eftir því sem við á. Aftur á móti er kynið aðlögunarþáttur í lýsingarorðum og öðrum fornöfnum en persónufornöfnum, þ.e.a.s. að þau hafa ekki fast kyn heldur ákvarðast kyn þeirra út frá því hvaða nafnorði þau standa með. Sama kyn verður að vera í öllum orðum í nafnliðum, og samræmi milli kyns frumlags og lýsingarorðsagnfyllingar (Eiríkur Rögnvaldsson 2013).

Eiríkur Rögnvaldsson (2013) ályktar að líta megi á hvorugkyn sem ómarkað kyn, sem kemur fram á lýsingarorðsagnfyllingum þegar frumlagið er setning (*Að María skuli elska Jón er ótrúlegt*) eða í aukafalli (*Stelpunni er kalt*), í ávörpum eins og *Komið þið sæl og blessuð* þegar um blandaðan hóp er að ræða og einnig þegar vísað er til blandaðs hóps; *hann + hún* er hvorki *þeir* né *þær*, heldur *þau*. Í þessu tilfelli hafa germönsku málin vikið frá hinni indóevrópsku hefð að nota karlkyn fleirtölu um blandaðan hóp og þau nota þess í stað hvorugkyn (Grönberg 2002). En fræðimenn eru flestir sammála um að karlkyn sé ómarkað í sambandi við mannverur (sjá t.d. Guðrúnu Þórhallsdóttur 2008 og Eirík Rögnvaldsson 2013) sem má skýra með því að það sé einn af þeim þáttum sem íslenska erfði úr frumindóevrópsku. Í öllum persónum eintölu er karlkyn ómarkað og getur átt við um bæði konur og karla. Þannig er það í samræmi við íslenska málvenju að nota karlkynsmyndir í almennri vísun í setningum með 2. persónu (t.d. *Þú verður að hugsa um sjálfan þig!* Eða *Vertu tilbúinn í sumarfríð!*), eða 3. persónu fornöfnum (t.d. *Enginn var heima þegar ég hringdi* eða *Margir taka lýsi á Íslandi*).

Karlkynið í íslensku hefur þannig tvíþætt hlutverk. Annars vegar getur það vísað til karlkyns mannvera eða karlkyns nafnorða og hins vegar gegnir það kynhlutleysishlutverki (Guðrún Þórhallsdóttir 2008). Í íslensku eru einnig mörg

karlkynsorð sem eiga við um bæði kynin, eins og nafnorðin *hlustandi*, *nemandi*, *krakki*, *ferðamaður*, *Íslendingur* og lýsingarorðin *fullorðnir* og *aldráðir*. Til eru miklu færri sambærileg orð í kvenkyni eins og *lögga*, *skyttu* eða *hetja* og fá orð í hvorugkyni eins og *skáld* eða *illmenni*. Samt sem áður er búin til orðmyndin *skáldkona* til að taka sérstaklega fram ef um konu er að ræða, og *karlskáld* og *skáldkarl* þegar leggja þarf áherslu á að um karlmann sé að ræða eða stilla upp andstæðum: *ljóð eftir skáldkonur og skáldkarla*. Þessi dæmi styðja þá hugmynd að líffræðilegt kyn taki yfirhöndina í huga málnotenda. Meira að segja er orðmyndin *kvenhetja* líka til þótt *hetja* sé málfræðilega í kvenkyni. Þetta fyrirbæri var nefnt í sambandi við félagslegt kyn, þótt orðið sjálft sé ekki í karlkyni er það vissulega fyrst og fremst tengt karlkynsverum.

Í þessu samhengi má líka nefna starfsheiti sem sýna einnig að í almennri notkun hefur kvenkyn mun þrengra hlutverk og á aðeins við um konur (um þetta verður nánar rætt í 3. kafla). Karlkynsorðin eins og *læknir* og *kennari* eiga við um bæði karla og konur en fáir karlar munu kalla sig *flugfreyja*, *fóstra* eða *hjúkrunarkona*. Hér er erfitt að aðgreina hvort þetta tengist fyrrnefndri málvenju (karlkyn sem hlutlaust kyn) eða hefðbundinni samfélagsstöðu karla og kvenna og skiptingu í karla- og kvennastörf, en nokkrum starfsheitum sem voru bara til í kvenkyni var breytt eftir að körlum í þessum starfsstéttum fjölgaði, stundum samhliða breytingum á menntun sem réttlætti þessar breytingar. Þannig er nú talað um *leikskólakennara* frekar en *fóstrur*, *hjúkrunarfræðinga* í stað *hjúkrunarkvenna* og *flugliða* í stað *flugfreyja* (eða bæði *flugfreyjur* og *flugþjóna*).

Eins og nokkur dæmi um starfsheiti hér að ofan sýna eru stundum tengsl í íslensku á milli málfræðilegs og líffræðilegs kyns. Þessi tengsl má helst sjá í dýraheitum, frændsemisorðum og orðum sem vísa til einstaklinga, sérstaklega andstæðupörum eins og *faðir* – *móðir*, *bróðir* – *systir*, *hani* – *hæna*, *úlfur* – *úlfynja*. Frændsemisorð eins og *móðir*, *faðir*, *bróðir* og *systir* eru sérstaklega áhugaverð hér því að þessi orð beygjast eins en tilheyra samt ekki sama kyni. Þetta á sennilega uppruna sinn í gamla samkyninu í frumindóevrópsku sem nefnt var áður (Jón Axel Harðarson 2001:264) en sýnir einnig að málvenjan breyttist þannig að orðin yfir kvenverur urðu í kvenkyni og líffræðilegt kyn tók yfirhöndina.

Kvenkynið, sem er yngst kynjanna þriggja, er talið hafa þróast smám saman úr hvorugkyni með ákveðnum viðskeytum. Kvenkynsorð sem hafa þessi viðskeyti og tákna kvenverur gegna hlutverki við að mynda kynjaandstæðu við karlkynsorð. Í

íslensku er frjósamasta viðskeytið af þessu tagi *-ynja*, en það er þó ekki virkt í myndun nýrra orða í dag. (Jón Axel Harðarson 2001:264).

Enn einn flokkur nafnorða sem hefur verið mjög kynjaskiptur í íslenskri málvenju, og heldur meira en í flestum tungumálum, eru sérnöfn. Sérnöfn hafa nefnilega verið stranglega kyngreind og tekið fram í lögum að dreng skuli gefið karlmannsnafn og stúlku kvenmannsnafn. Eina nafnið sem var til skamms tíma leyfilegt fyrir bæði kyn (eftir töluverða baráttu) er *Blær* sem fékkst samþykkt árið 2013 (*Fær að heita Blær* 2013). Sérnöfn beygjast iðulega eftir sama beygingarmynstri og önnur karlkyns- eða kvenkynsorð (hér eru karlmannsnöfnin *Sturla* og *Skúta* undantekningar því þau beygjast eins og kvenkynsorð en *Blær* beygist á tvo vegu eftir kyni nafnbera). Í júní 2019 tóku gildi ný lög um kynrænt sjálfræði sem opnuðu dyrnar fyrir notkun á sömu nöfnum fyrir bæði karla og konur (Sólveig Klara Ragnarsdóttir 2019). Þetta er í rauninni stór breyting og afleiðingar hennar bæði á kynjakerfið og íslenska málfræði eru enn óljósar. Þessi breyting getur jafnvel haft áhrif á samræmi í nafnliðum og lýsingarorðssagnfyllingum því hugsanlega verða til setningar á borð við *Sigríður er mjög sterkur* eða *Ari litla var þreytt í dag*. Þá er spurning hvort öll sérnöfn verði bæði karlkyns- og kvenkynsorð málfræðilega séð og hvernig þau myndu þá beygjast. Ef beygingunni verður breytt þannig að hvert nafn er með tvö mismunandi beygingarmynstur fyrir karlmanns- og kvenmannsnafn eins og *Blær*, þá verða t.d. kvenmannsnafnið *Sigríður* og karlmannsnafnið *Sigríður* reyndar tvö mismunandi nafnorð. Eiríkur Rögnvaldsson mælir gegn þessu og telur að beygingin eigi að vera sú sama fyrir bæði kynin (Snorri Mátsson 2019). Hann nefnir karlmannsnafnið *Sturla* sem dæmi um að það þurfi ekki að vera samræmi milli málfræðilegs kyns nafns (hér lítur hann á *Sturla* sem kvenkynsorð út af kvenkynsbeygingarmynstri þess) og kyns þess sem ber nafnið. Hann heldur því fram að eftir því sem nöfnum bornum af fólki af ýmsum kynjum fjölga, þá kannski veiklast tengsl sem eru í huga málnotenda milli kyns nafns og nafnbera, og farið verður að líta á mannanöfn eins og hver önnur nafnorð sem hafa sitt málfræðilega kyn sem tengist ekki kyni nafnbera. En spyrja má: Ef sama nafn er notað um karl og konu, þannig að fólk segir *hann Sigríður er glaður* og *hún Sigríður er glöð*, er þá hægt að segja að nafnið hafi sitt málfræðilega kyn sem tengist ekki kyni nafnbera?

Fornöfn í íslensku eru einnig fallorð líkt og nafnorðin og beygjast flest í þremur kynjum. Fornöfn eru hluti af svokölluðum *lokuðum orðflokkum* og geta ekki bætt við sig nýjum orðum (Höskuldur Þráinsson 2005:62). Karlkynspersónufornafnið vísar beint til karlkynseinstaklinga- og hópa karla en kvenkynsfornafnið vísar til kvenna. Eins og nefnt var áður er notuð hvorugkynsfleirtala þegar um blandaðan hóp fólks er að ræða. En ef um ótilgreindan hóp er að ræða kemur karlkyn til greina, sérstaklega með óákveðnum fornöfnum. Af þessu má álykta að kvenkynsmyndin sé talin mörkuðust í íslensku og gegni aldrei hlutleysishlutverki (Guðrún Þórhallsdóttir 2008). Í tilvikum þar sem málfræðilegt og tilvísandi kyn samræmist ekki er venjan að nota endurvísun (málfræðilegt kyn ákvarðar val á persónufornafni). Líffræðilegt kyn ógildir þó oft málfræðilega samræmið. Sérstaklega er þetta sýnilegt hjá hvorugkynsnafnorðum þar sem málnotendum virðist ekki finnst eðlilegt að nota persónufornafnið *það* yfir mannverur (sjá 3.1).

Auk tilvísandi kyns sem tekur yfirhöndina í fornöfnum hefur líka komið fram breyting í íslensku í samræmi milli frumlags og lýsingarorðsagnfyllingar. Innan sama nafnliðar fylgir lýsingarorð hins vegar aldrei tilvísandi kyninu (Grönberg 2002). Nýlegar rannsóknir benda til þess að notkun málfræðilegra kynja sé að breytast (Anna Helgadóttir 2011) þannig að málfræðilegu kyni nafnorðs er ekki fylgt áfram innan setningar eins og í eftirfarandi dæmum:

(2.4) *Foreldrarnir* (kk.ft.) eru *hrædd* (hk.ft.)

Krakkarnir (kk.ft.) eru *þreytt* (hk.ft.)

Kennarinn (kk.) er *góð* (kvk.) og *ljúf* (kvk.).

Niðurstöður meistararitgerðar Önnu Helgadóttur (2011) benda til þess að kynjakerfi íslenskunnar sé að breytast að því leyti að líffræðilegt kyn er látið ráða oftar en áður. Hér á eftir verður kynjakerfið í serbnesku skoðað.

2.3 Kynjakerfið í serbnesku

Í serbnesku eru þrjú málfræðileg kyn: karlkyn, kvenkyn og hvorugkyn. Kyn er beygingarformdeild í nafnorðum, fornöfnum, lýsingarorðum, sögnum og töluorðum og beygjast þessir orðflokkar líka í tölu (eintala, fleirtala) og sjö föllum. Í nafnorðum

og í þriðju persónu fornöfnum er kyn orðasafnsþáttur þannig að nafnorð hafa fast kyn. Fáeinar undantekningar eru þó til. Eitt dæmi er orðið *bol* („sársauki, verkur“) sem getur verið annaðhvort í karlkyni eða kvenkyni en þarna getur verið merkingarblær – karlkynsorðið á meira við um líkamlega verki en kvenkynsorðið um andlega en kynin eru þó einnig notuð jöfnum höndum (Piper og Klajn 2017). Eins og í íslensku er kyn grunnþáttur í fyrstu og annari persónu hjá persónufornöfnum en aðlögunarþáttur í lýsingarorðum, öðrum fornöfnum, sumum töluorðum og sögnum í þolmynd og lýsingarhætti. Sama kyn verður að vera í öllum orðum innan nafnliðar, og samræmi verður að vera milli kyns frumlags og sagnfyllingar. Í serbnesku eru breytingar á samræmi óhugsandi og setningar á borð við þessar eru ótækar:

(2.5) *Roditelji su uplašena.
foreldrar.kk.ft. eru hræddur.hk.ft.
Foreldrar eru hrædd.

*Učitelj je dobra.
kennari.kk.et. er góður.kvk.et.
Kennarinn er góð.

Ástæðurnar fyrir því eru tvær: önnur er að hvorugkyn er markaðast í málinu og ekki hentugt að nota í samhengi blandaðra og ótilgreindra hópa en hin er að serbneska hefur ríkt kerfi af bundnum myndönnum, sérstaklega viðskeytum til þess að búa til kvenkynsorð úr karlkyni. Hér á eftir verða þessar ástæður rætt nánar.

Í serbnesku er karlkyn ómarkaðast í hvaða samhengi sem er en hvorugkyn er það kyn sem er markaðast. Þetta má sjá í beygingarkerfinu þar sem karlkyn hefur tvö mismunandi beygingarmynstur – annað fyrir lifandi verur og hitt fyrir dauða hluti, en hjá kvenkyni og hvorugkyni er aðeins eitt. Hjá lifandi verum varðveitir serbneska einnig þá gömlu indóevrópsku málhefð að nota karlkyn um kynjablandaða hópa:

(2.6) Marija i Marko su **došli**. **Oni** su **brzi**.

Marija.kvk. og Marko.kk. eru kominn.lh.kk.ft. Þeir.kk.ft. eru fljótur.kk.ft.

Marija og Marko eru komin. Þau eru fljót.

Í fleirtölu sérstaklega er karlkynið víðtækast sem kemur líka í ljós í karlkynslýsingarorðum sem notuð eru yfir fólk af báðum kynjum, eins og *zaposleni* (,starfsmenn´) eða *odrasli* (,fullorðnir´). Ef notaðar væru kvenkynsmyndirnar *zaposlene* eða *odrasle* er augljóst að aðeins er um konur að ræða. Kvenkyn á bara við um fleirtölu orða í málfræðilegu kvenkyni en hvorugkyn um fleirtölu hvorugkynsorða.

Fæst spurnarorð í serbnesku beygjast en mynd þeirra sem snúa að mannverum er sjálfkrafa karlkyns:

(2.7a) Ko je došao?

hver er kominn.kk.

Hver er kominn?

(2.7b) *Ko je došla?

hver er kominn.kvk.

Hver er komin?

Dæmi (2.7b) er ótækt. Til þess að spyrja einungis um konu þarf að orða spurninguna á þennan hátt:

(2.8) Koja [žena] je došla?

hvaða.kvk. [kona] er kominn.kvk.

Hvaða kona er komin?

Óákveðin fornöfn eru einnig sjálfkrafa sett í karlkyn (Piper og Klajn 2017).

Engu að síður er notkun bendivísunar ekki alveg útilokuð í serbnesku. Setningar á borð við dæmi (2.1) sem hér er endurtekið sem (2.9) koma fyrir í málinu:

(2.9) Bio sam kod **doktora**. **Rekla** mi je da pijem više vode.

verið.lh.kk. hjá læknir.kk. sagði.lh.kvk. mér að drekka meira vatn

Ég fór til læknis. Hún sagði mér að drekka meira vatn.

Samt sem áður eru svona dæmi sjaldgæf og líklegra er að þau komi fyrir ef langt er á milli nafnorðsins og tilvísandi fornafns. Með því komum við að annarri ástæðu þess að frekara ósamræmi í málfræðilegu kyni kemur ekki til greina í serbnesku – og ástæðan er einfaldlega sú að hægt er að finna heppilegri lausn. Serbneska nýtir mjög ríkt kerfi af bundnum myndönum, mjög virkum og frjósömum viðskeytum við myndun nýrra orða. Þetta veldur því að í nafnorðum sem tákna lifandi verur eru mjög sterk tengsl á milli málfræðilegs og líffræðilegs kyns. Enn fremur er í orðum yfir mannverur og dýr fullorðinn karlkyns einstaklingur oftast í karlkyni, fullorðinn kvenkyns einstaklingur í kvenkyni en unginn (af hvoru kyninu sem er) í hvorugkyni (Hentschel 2003). Hér má sjá dæmi um þetta:

(2.10)	kk.	kvk.	hk.
	muškarac (,karl´)	žena (,kona´)	dete (,barn´)
	mačor (,högni´)	mačka (,læða´)	mače (,kettlingur´)
	petao (,hani´)	kokoška (,hæna´)	pile (,ungi´)

Einnig eru andstæðupör sem tákna frændsemi í viðeigandi kyni: *majka*, kvk. (,móðir´) / *otac*, kk. (,faðir´), *sestra*, kvk. (,systir´) / *brat*, kk. (,bróðir´) o.s.frv. Fyrir utan fá starfsheiti sem félagslega tengjast sjaldnast karlmönnum, eins og *medicinska sestra*, kvk. (,hjúkrunarkona´, bókstaflega ,heilsu-systir´) eða *babica*, kvk. (,ljósmóðir´), geta flest starfsheiti einnig komið fyrir bæði sem karlkyns- og kvenkynsmynd, þ.e.a.s. flest kvenkynsnafnorð sem vísa til kvenna er hægt að búa til úr karlkynsmyndum með því að nota viðskeyti. Þrettán virk viðskeyti eru venjulega nefnd í myndun kvenkynsnafnorða úr karlkyni, sum þeirra eru mjög virk: *-a*, *-ica*, *-ka*, *-inja*, *-kinja*, og *-uša* (Savić 2009). Þannig að í dæmi (1.9) að ofan er hægt að nota kvenkynsorðið *doktorka* eða *doktorica* til þess að merkja að um konu sé að ræða. Þessi orðmyndun á ekki bara við um starfsheiti heldur er notuð í öllum tilfellum þar sem við viljum tala sérstaklega um kvenkynsmannverur: *učenik*, kk. / *učenica*, kvk. (,nemandi´), *potrošač*, kk. / *potrošačica*, kvk. (,neytandi´), *kum*, kk. (,svaramaður´) / *kuma*, kvk. (,brúðarmær´), *Islandanin*, kk. / *Islandanka*, kvk. (,íslenskur maður, íslensk kona´), *Srbin*, kk. / *Srpkinja*, kvk. (,serbneskur maður, serbnesk kona´) o.s.frv.

Þótt þessi aðferð sé frjósöm hún er samt ekki algild. Samkvæmt málvenju og málstaðli (fyrirbæri sem nánar verður rætt um í næsta kafla) þykir „ljótt“ og óeðlilegt að bæta þessum viðskeytum við orð sem sjálf eru búin til með sömu orðmyndunaraðferð, þ.e. viðskeytingu. Þessi viðskeyti eru *-ac* og *-lac* sem mynda karlkynsnafnorð úr sögnum og eru sambærileg við viðskeytin *-ari* eða *-andi* á íslensku, þ.e.a.s þau mynda orð sem vísa til manns sem gerir tiltekinn verknað. Sem dæmi má nefna: *čitalac*, kk. („lesandi“), *gledalac*, kk. („áhorfandi“), *kupac*, kk. („kaupandi“). Eitt vandasamt viðskeyti í viðbót er karlkyns *-log* (sbr. *-fræðingur* í íslensku) sem er mjög mikið notað í starfsheitum, t.d. *psiholog* („sálfræðingur“), *biolog* („líffræðingur“). Þótt það sé fræðilega hægt að bæta við kvenkynsviðskeyti, er mælt gegn því vegna þess að kvenkynsorð mynduð á þennan hátt hafa ekki „kerfisbundið gildi í tungumálinu“ (Odbor za standardizaciju srpskog jezika 2017:261). Í staðinn er mælt með að nota aðrar aðferðir til þess að koma til skila að um konu sé að ræða. Um þetta verður fjallað í 3. kafla.

Það er eitt annað atriði í serbnesku kynjakerfi sem er einnig vandasamt, hið svokallaða „þriðja beygingarmynstur“ (*treća deklinacija*). Í serbnesku beygjast nafnorð eftir fjórum beygingarmynstrum sem að öllu jöfnu leiða í ljós kyn orðsins. Í þriðja mynstrinu eru orð sem í nefnifalli eintölu enda á *-a* og þessi orð eru yfirleitt kvenkyns. En sum þessara orða eru formlega í karlkyni þótt þau beygist eins og kvenkyn og samræmast jafnvel stundum kvenkyns lýsingarorðum og ábendingarfornöfnum. Þannig að eftirfarandi setningar myndu þannig báðar teljast réttar (Hentschel 2003):

(2.11a) On je **pravi** varalica.

hann er sannur.kk. svindlari

Hann er sannur svindlari.

(2.11b) On je **prava** varalica.

hann er sannur.kvk. svindlari

**Hann er sönn svindlari.*

Fleiri orð af þessu tagi eru *sudija* („dómari“), *mušterija* („viðskiptavinur“), *sluga* („þjónustumaður“). Sveigjanleiki þessara orða virðist einnig gera mögulega tíðari

notkun bendivísunar og kemur ekki á óvart að einu sérnöfnin sem geta verið bæði karla- og kvennanöfn í serbnesku tilheyra þessum hópi (t.d. *Saša, Vanja, Minja*).

2.4 Samantekt

Í þessum kafla var fjallað um kyn sem beygingarformdeild og málfræðilegt hugtak ásamt flokkun þess innan málvísinda. Greint var frá kynjakerfum í íslensku og serbnesku og vafamál hvað varðar tengsl milli málfræðilegs og líffræðilegs kyns, samræmi milli nafnorða, lýsingarorða og fornafna og notkun persónufornafna yfir ótilgreinda einstaklinga og blandaða hópa. Í kafla 2 verður fjallað um hugtökin málstefna og málstýring, almenna umræðu um þau og viðhorf til þeirra í íslensku og serbnesku málsamfélagi. Í framhaldi af því verður femínísk málstýring skoðuð sérstaklega, aðferðir sem hún notar og áskoranir hennar í ljósi kynjakerfis þessara tveggja tungumála.

3 Um málstaðal og breytingar á honum í ljósi femínískrar málstýringar

Þessum kafla er skipt í almenna umfjöllun um málstefnu og málstýringu í íslensku og serbnesku málsamfélagi og femíníska málstýringu, eðli hennar og helstu aðferðir sem hún beitir. Fyrst er skoðað hvað hugtakið málstefna felur í sér og hvernig hún hefur verið mótuð í málsamfélögunum tveim. Í seinni hlutanum verða málbreytingar í ljósi femínískra hugmynda um tungumálið skoðaðar ásamt aðferðum sem femínísk málstýring beitir til þess að auka sýnileika kvenna í málinu. Svo er greint frá því hvernig þessi málsamfélög bregðast við málstýringu og beitingu hennar á mismunandi hátt. Sumar þeirra aðferða eru betur heppnaðar í serbnesku og aðrar í íslensku og dæmi verða tekin til að skýra hvernig málbreytingar henta misvel hvoru tungumálinu um sig.

3.1 Málstefna og málstýring

Málstefna er í stórum dráttum samfélagsstefna sem varðar stöðu og form tungumáls. Hún samanstendur af mengi viðhorfa, meginreglna og ákvarðana sem leitast við að stýra þróun tungumálsins í einu málsamfélagi eða fullvalda ríki. Opinber málstefna stefnir að því að ákvarða hvaða tungumál fá stöðu opinbers tungumáls í ríkinu,

ákveða málstaðal í málsamfélagi og þau málsatriði sem teljast til vandaðs máls. Frá þessu sjónarhorni er málstefna spurning um pólitíska ákvarðanatöku (Bugarski 2003). Það fer eftir málsamfélaginu sjálfu og þörfum þess hvort málstefnan sé útfærð eða hvort mælendur séu látnir stjórna þróun tungumálsins. Stundum búa höfundar málstefnunnar opinbert tungumál til fyrir hönd mælenda, með því að sannfæra þá um að meira eða minna vönduð málafríggð séu til og hver þeirra ætti að nota í opinberum samskiptum. Í þessu samhengi er talað um *sýnilega málstefnu*, þar sem staðall er búinn til í gegnum námskrár, orðabækur, opinberar leiðbeiningar og reglur (t.d. um stafsetningu) eða fyrirsmáli. Hins vegar er einnig til *dulin málstefna*, þar sem ekki er auðvelt að benda á tiltekinn aðila sem reynir að hafa áhrif á form málsins. Málstefna tekur bæði til stöðu og forms máls og til dulinna jafnt sem sýnilegra þátta (Ari Páll Kristinsson 2017:77) og til þriggja meginstoða: málviðhorfs, málhegðunar og málstýringar.

Hugtakið málstýringu (e. *language planning*) má nota um „allar meðvitaðar eða ómeðvitaðar aðgerðir til að hafa áhrif á vöxt og viðgang tungumáls, hvernig það þróast og hvernig það er notað“ (Þóra Björk Hjartardóttir 2004:91). Málstýringu er beitt til þess að stöðva óæskileg fyrirbæri í tungumálinu og reyna að ráða orðavali og skilgreiningum hugtaka í umræðu (Ari Páll Kristinsson 2017:82). Málstýringu er skipt í *stöðustýringu* (e. *status planning*) og *formstýringu* (e. *corpus planning*). Stöðustýring snýr að hlutverki tungumáls í samfélaginu en formstýring lýtur að afskiptum af þróun og notkun á einstökum þáttum tungumálsins, svo sem stafsetningu, framburði, beygingum og orðafari (Þóra Björk Hjartardóttir 2004).

Höfuðþættir í íslenskri málstefnu eru varðveisla og efling. Með varðveislu íslenskunnar er átt við „alla viðleitni í þá átt að sporna við veigamiklum breytingum á málkerfinu og orðaforða málsins, eftir því sem hægt er, m.a. með því að forðast mikil erlend áhrif“ (Ari Páll Kristinsson 2017a). Eitt mikilvægasta atriðið er að viðhalda samhengi í málinu milli kynslóða en í íslensku er þessi þáttur málstefnunnar oft kenndur við *málvernd* og *málhreinsun*. Efling íslenskunnar felur í sér allt sem miðar að því að íslenskt mál þjóni málnotendum sem best á hverjum tíma. Þessi þáttur málstefnunnar er oft nefndur *málrækt*. Eitt af helstu einkennum málræktar er nýyrðasmíð sem hefur verið styrkasta stoð íslenskrar málstefnu. Frekar en að taka orð af erlendum stofni inn í málið er áhersla lögð á að mynda ný orð úr „íslensku hráefni“ um ýmiss konar nýjungar (*nýyrði*) eða ef erlend orð eru

tekin inn í málið (*tökuorð*) að laga þau að íslenskum framburði, stafsetningu og beygingum.

Hreitungustefna er sérstaklega sterk og rótgróin í íslensku en hún á ekki rætur sínar að rekja mjög langt aftur til fortíðar. Íslensk málnefnd var stofnuð 1964, á tíma þegar tungumálið var talið í hættu í ljósi stöðugrar viðveru bandarískra og breskra hermanna í landinu. Hlutverk málnefndar er að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu á fræðilegum grundvelli og gera tillögur til ráðherra um málstefnuna (Íslensk málnefnd e.d.). Árið 2008 kynnti nefndin tillögur að íslenskri málstefnu í texta sem heitir *Íslenska til alls* og snertir mikilvægustu svið þjóðlífsins að mati nefndarinnar. Tveim árum seinna komu lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls (lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls nr.61/2011) sem staðfesta að íslenska er þjóðtunga Íslendinga og hana á að nota á öllum sviðum samfélagsins. Þetta var ítrekað í nýrri þingsályktun um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi (Þingskjal nr. 1750/2018–2019. Þingsályktun) sem samþykkt var á Alþingi vorið 2019. Eftir sem áður er ekkert ákvæði í íslensku stjórnarskránni um þjóðtungu landsins (Ari Páll Kristinsson 2017:17).

Í samanburði við íslensku sýnist staða tungumála í lýðveldum á því svæði þess sem eitt sinn kallaðist Júgóslavía frekar flókin. Á Íslandi er reyndar einfalt samband þjóðar, ríkis og tungu þar sem flestir íbúar landsins eiga íslensku að móðurmáli og mismunandi mállýskur eru næstum engar. Hér á eftir kemur stutt yfirlit yfir málstöðu á vesturhluta Balkanskagans á tuttugustu öld sem snertir serbnesku og helstu einkenni núverandi málstefnu Serbíu.

Í lok fyrri heimsstyrjaldarinnar var konungsríki Serba, Króata og Slóvena stofnað af fólki með mismunandi þjóðernisvitund og mikla tungumála-fjölbreytni. Seinna, árið 1929, varð það konungsríkið Júgóslavía og ríkisstjórn þess heimtaði sameiningu þjóðernis og tungumáls: eitt sameiginlegt tungumál – serbókróatíska, eitt þjóðerni – júgóslavneskt. Ríkið brotnaði upp í seinni heimsstyrjöldinni árið 1941 en nýtt slavneskt ríki var myndað undir forystu kommúnistaflokks Júgóslavíu árið 1945. Í nýja júgóslavneska ríkinu var annars vegar lögð áhersla á tungumálasamheldni sem helsta stuðning við hina pólitísku samheldni. Hins vegar fylgdi ríkið alþjóðlega virtri málstefnu um stjórnarskrárbundið og lagalegt jafnrétti allra tungumála og mállýskna sinna. Ákveðið frelsi eða jafnvægi milli tungumálahópa hafði víða ríkt og landið hafði fjárfest í mismunandi tungumála- og

rannsóknastofnunum (Bugarski 1986). Í Serbíu er Stofnun serbneskrar tungu (s. *Institut za srpski jezik – ISJ*) sem undirstofnun Serbnesku vísinda- og listaakademíunnar (*SANU*), meginfræðastofnunin tileinkuð kerfisbundinni rannsókn á serbneskri tungu og sögu hennar en hún var stofnuð árið 1947. Hún var framlenging á Orðabókardeild sem hafði verið til síðan 1893 (Institut za srpski jezik SANU e.d.). Eftir að kommúnistastjórnin missti völdin í kringum 1990 tók að bera á átökum milli þjóðernishópa, borgarastyrjöld braust út og ný ríki mynduðust í kjölfarið. Með myndun nýrra þjóðríkja kom málstefna við sögu, meðal annarra þátta. Undirliggjandi þjóðernisstefna losnaði úr læðingi og hún tengdist harðvítugri málpólitík. Lagasetning um opinbert tungumál var gjarna eitt það fyrsta sem kom upp í stjórnarskrám nýrra ríkja. (Ari Páll Kristinsson 2017:14). Nefnd um stöðlun serbneskrar tungu (s. *Odbor za standardizaciju srpskog jezika*) var stofnuð skömmu eftir uppbrot Júgóslavíu árið 1997 á vegum *ISJ*. Hinn gamli andi umburðarlyndis og tungumálaréttar lifir enn að sumu leyti en það eru líka skýrar vísbendingar um að breyta málfar í því skyni að búa til sterkari sjálfsmynd í tengslum við þjóðríkið. Innan tveggja kynslóða hefur staða tungumála á Balkanskaga breyst býsna mikið í kjölfar öflugrar málstýringar sem er enn í gangi (Hentschel 2003:288).

Til þess að kynna tungumálabreytingar sem varða kynjakerfi þarf að beina aðeins meiri athygli að hugtakinu málstýringu almennt. Eins og áður var nefnt er ein leið við að innleiða málstefnu og málstýringu í gegnum stofnanir ríkisins eða „að ofan“ (e. *top-down approach*) og þessi aðferð hefur verið algeng í gömlu Júgóslavíu undanfarin 30 ár. Hin leiðin við að beita málstýringu er úr grasrótinni, þar sem tilteknir hópar eða jafnvel áhrifamiklir einstaklingar í samfélaginu reyna að innleiða eða koma í veg fyrir að notuð séu ákveðin málform og málfar í opinberri og einkaumræðu, sem miðar að því að ákveðið val á máli verði eðlilegt (e. *bottom-up approach*).

Ef litið er á málstýringu í víðara samhengi sem viðleitni til að hafa áhrif á málfar fólks, bæði að ofan og úr grasrótinni, geta birtingarform málstýringar verið af margvíslegum toga, svo sem opinber stafsetning og beinar málfarsleiðréttingar í skólum og opinberum miðlum; málfarsráðgjöf fyrir almenning, stofnanir og fyrirtæki; fyrirmæli um uppbyggingu texta; nýyrðasmíð; endurnýjun orða um ýmsa þjóðfélags- og aðra hópa; breytingar á hlutverki málfræðilegra kynja. Síðustu þrjú atriðin eru af nokkuð öðrum toga og almennt hafa þau verið umdeildari en hin

fyrirnefndu. Reynt er að sporna við óæskilegum orðum eða beygingum með nýsköpun eða endurtúlkun, þar sem ákveðin jafnréttishugmyndafræði liggur að baki (Þóra Björk Hjartardóttir 2004). Þegar kemur að síðasta atriðinu – kynjasjónarmiði í málstýringu – hefur það í áratugi verið beintengt við femínistahreyfinguna en raunar var hugtakið *femínísk málstýring* búið til af breska félagsmálfræðingnum Anne Pauwels (2003:552). Þessi tegund málstýringar hefur þar til nýlega ekki fundið sinn stað innan ramma stofnanavæddrar málstýringar en hefur öllu heldur komið úr grasrótinni (Filipović 2009). Hér á eftir verður femínísk málstýring skoðuð nánar og reynt að svara eftirfarandi spurningum: Af hverju á að breyta hlutverki málfræðilegra kynja? Hvaðan koma þessar hugmyndir? Hvaða breytingar eru lagðar til? Hvernig er þessum breytingum beitt í þeim tungumálum sem hér eru skoðuð? Hver eru rökin gegn þessum breytingum?

3.2 Femínísk málstýring

Samkvæmt Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna (1948) er engin mismunun leyfð í samfélaginu og tungumál ættu að gefa til kynna viðleitni samfélagsins til að útrýma öllum tegundum mismununar (eftir kynþætti, þjóðerni, kyni, aldri, kynhneigð og öðru). Kröfur yfirlýsingarinnar hafa að miklu leyti orðið rótgrónar í mörgum vísindagreinum og því er sérstakt fræðasvið innan málvísinda um mannréttindi (*e. linguistic human rights*) sem fjallar um samband málfars og mannréttinda og ókynjað málfar (*e. gender sensitive language*). Forsendan er sú að efling ókynjaðs málfars geti haft áhrif á vitund þeirra sem nota tungumálið í átt að jafnrétti kynjanna (Savić 2009). Ósk um breytingu á notkun málfræðilegra kynja snýst um sýnileika kvenna í tungumáli og meinta karlrembu í hlutleysishlutverki karlkyns. Í indóevrópskum tungumálum hefur karlkyn gegnt einhvers konar hlutleysishlutverki eins og kom fram í fyrsta kafla. Því er haldið fram að konur geti ekki samsamað sig slíku orðfæri sé því beint til þeirra og að þannig sé þeim haldið utan við tungumálið. Spurningar á borð við þær sem Ásta Svavarsdóttir skrifar um (1993) vakna þvert á tungumál: „Er notkun karlkyns til þess að vísa til fólks almennt, t.d. með því að segja *Allir eru jafnir fyrir lögnum*, málfræðilegur eiginleiki íslensku (og margra annarra mála) eða málvenja sem hefur mótast af því að karlar hafi verið ráðandi í samfélaginu frá alda öðli?“ Samkvæmt róttækum femínisma eru konur kúgaðar á grundvelli kyns síns og hið kvenlæga lýtur forræði hins karllæga. Frá

Þessu sjónarmiði einkennist samfélagið af karlveldi sem stendur svo djúpum rótum í sögu, samfélagi og menningu (og jafnvel tungumáli) að það hefur lifað af helstu þjóðfélagsbreytingar sögunnar (Þorgerður Einarsdóttir 2004).

Aðgerðir gegn málnotkun sem telst í blóra við nútímasjónarmið um jafnrétti kynjanna hafa víða verið þekktar sem femínísk málstýring (Ari Páll Kristinsson 2017:126) og tengdar kvennahreyfingum. Kynjamismunun í tungumáli var í meginatriðum skilgreind innan annarrar bylgju kvennahreyfinga á áttunda áratug tuttugasta aldar sem notkun orðaforða sem skapar, myndar, stuðlar að eða nýtir ósanngjarnan eða óviðeigandi greinarmun á milli kynjanna. Rannsóknir á kynjamismunun snerust þannig um almenna notkun karlkyns (t.d. fornafnsins *he* í ensku til að vísa bæði til karla og kvenna eða notkun forliðanna *lady* eða *female* með almennum nafnorðum eins og „læknir“ þegar þau vísa til kvenna). Þessar rannsóknir sýndu að kerfisbundin tilhneiging var innan ensku og annarra tungumála að gera ráð fyrir að karlar væru normið og konur væru aukaatriði (Mills 2003). Á þessum tíma var uppgjör við fyrri hugmyndir um að karl og kona hefðu frá náttúrunnar hendi ólík hlutverk og bættu hvort annað upp. Kynhlutverkin voru talin hluti af félagslegum arfi sem þyrfti að útrýma og áhersla var lögð á áhrifamátt hefða, viðhorfa og félagsmótunar. Ala átti stráka og stelpur upp eins, eða réttara sagt að ala átti stelpur upp eins og stráka (Þorgerður Einarsdóttir 2004). Á Íslandi voru þessar hugmyndir sterkar og kvennahreyfingin virk í að hafna tungumálinu sem aðskilur konur og karla. Eitt svið þar sem barist hefur verið um sýnileika kvenna í málinu eru starfsheiti en á þessum tíma byrjuðu konur að komast inn í atvinnugreinar sem áður voru aðeins aðgengilegar körlum. Ráðandi hugmynd var að konur ættu ekki að hafa sérstök starfsheiti sem innihéldu aðskeytin *kven-* eða *-kona* heldur vera jafnar körlum í máli undir hinu fræga kjörorði „Konur eru líka menn“.

Á Balkanskaga hafði fyrsta bylgja femínisma varla nokkur áhrif og fyrstu stóru kvennahreyfingarnar fóru að myndast í seinni heimsstyrjöldinni. Undir kommúnistastjórninni var mikil áhersla lögð á að mennta og styrkja konur til að koma þeim á vinnumarkaðinn og fylla lausar stöður sem karlar sem höfðu látist í stríðinu skildu eftir. Konur voru ekki lengur ávarpaðar eftir hjúskaparstöðu sinni (sbr. *Mrs.* og *Ms.* í ensku) heldur sem *drugarica* (kvk., „flokksfélagi“), og mörg kvenkynsorð um störf sem karlar sinntu einir áður voru mynduð með notkun viðskeyta sem rætt var um í 1.3. Um miðjan áttunda áratuginn kom önnur bylgja

femínisma inn á landsvæði þáverandi Júgóslavíu. Kynslóð ungra, menntaðra kvenna frá þéttbýlisstöðum eins og Zagreb og Belgrad myndaði kjarna nýrrar kvennahreyfingar snemma á áttunda áratugnum. Þessar konur höfðu aðgang að menntun og atvinnu en upplifðu einnig muninn á boðuðu jafnrétti karla og kvenna og eigin reynslu í daglegu lífi: kynjamisrétti í einkalífi, á vinnumarkaði og á akademískum vettvangi (Slapšak 1996). Eins og á Íslandi og víðar fannst þessum konum kynjamismunun vera tengd því að mismunandi orð voru notuð yfir karla og konur. Oft var vitnað í fræg orð Simone de Beauvoir: „Við fæðumst ekki konur heldur verðum konur“ (Þorgerður Einarsdóttir 2004). Það er ekki óhugsandi að álykta að orðið *kona* virðist bera með sér nokkuð neikvæð blæbrigði en þetta verður rætt nánar í kafla 3.2. Rannsóknir á málsniði og málstíl benda líka til þess að konur, þegar þær fara inn í karllægt umhverfi, tileinki sér málstíl sem ríkjandi er á þessum stöðum og er tengdur bæði karlmennsku og fagmennsku (Mills 2003). Konur velja þá karlleg tilbrigði í máli sem eitthvað eftirsóknarverðara (og hlutlaust).

Viðhorf í þessum efnum hafa byrjað að breytast með nýrri bylgju kvennahreyfinga á tíunda áratugnum og nýjum áhuga á hvað kynjamismunun í tungumáli felur í sér. Á þeim tíma var kynjafræði mótuð sem sérstakt fræðasvið innan félagsvísinda og fleiri rannsóknir hófu að birtast með aðaláherslu á að skoða og greina hlutverk kyns og kyngervis í samfélaginu. Þegar talað er um tengsl milli kyngervis sem félagslega mótaðrar hugmyndar (sem þýðir að það er hægt að endurskoða og breyta) og málstaðals sem félagssamnings (sem þýðir að það er hægt að endurskoða og breyta), þá kemur fram mýgrútur af möguleikum sem geta gert konur sýnilegri í tungumálinu í samræmi við að þátttaka þeirra í opinberu lífi er mun meira áberandi nú en áður. Mikilvægt er að undirstrika hér að þetta byggist á þeim hugmyndum að tungumálið hafi áhrif á veruleikaskynjun varðandi þátttöku kvenna í opinberum og félagslegum störfum og í vissum starfsgreinum. Þessar hugmyndir kalla á skapandi afstöðu til tungumáls vegna þess að krafan um að gera konur sýnilegar í tungumáli á opinberum vettvangi hvetur okkur til að finna og búa til form í tungumálinu í því skyni að uppfylla þá kröfu (Savić 2009). Til þess að draga fram reynsluheim eða sérstöðu kvenna er aftur farið að kyngreina starfsheiti og nú vilja sumar konur kalla sig ritstýrur, þingkonur og kennslukonur (Þóra Björk Hjartardóttir 2004) en það sama má sjá í serbnesku með aukinni notkun kvenkynsviðskeyta á fleiri sviðum en áður.

Ferlið sem nefnt er hér, að búa til sérstök starfsheiti með kvenkynsviðskeytum, er hluti af einni af algengustum aðgerðum í femínískri málstýringu sem Guðrún Þórhallsdóttir (2008) hefur kallað *kvenvæðingu* í máli (e. *feminization* eða *gender specification*). Hin leiðin sem verður skoðuð hér er að nota kynhlutlaus orð og orðmyndir fremur en að beita kvenvæðingu en hún er kölluð *kynhlutleysing* (e. *gender neutralization*). Orðið *hvorugkynjun* er einnig notið í íslensku samhengi vegna þess að á íslensku er kynhlutleysingu oftast beitt með því að setja hvorugkyn í stað karlkyns, t.d. segja *öll velkomin* í stað *allir velkomnir*. ÉHér á eftir verða þessi hugtök útskýrð með nokkrum dæmum en aðalumræðan um þessar aðferðir og beitingu þeirra í serbnesku og íslensku verður í næsta kafla.

3.3 Beiting femínískrar málstýringar og mótspyrna gegn henni

Með kvenvæðingu er átt við viðleitni til að gera konur sýnilegri í tungumálinu með því að sýna kvenkynsmyndir við hlið karlkynsmynda og nota kvenkynsviðskeyti til að gefa konum sérstök starfsheiti og breyta öðrum nafnorðum sem vísa til fólks í kvenkyn. Í leiðbeiningum um ókynjað málfar í serbnesku er yfirleitt mælt með einhvers konar kvenvæðingu (Savić 2009). Eins og fjallað var um í 1. kafla er serbneska að þróast í átt til meira samræmis milli málfræðilegs og líffræðilegs kyns en á sama tíma er reynt að forðast ósamræmi á málfræðilegu kyni milli setningarliða. Svona ósamræmi virðist koma meira við sögu í íslensku því að ekkert handhægt íslenskt kvennaviðskeyti er til sem væri sambærilegt við serbnesku *-ka*, *-ica*, *-(k)inja*. Guðrún Þórhallsdóttir (2008) bendir á nokkrar ástæður sem gera notkun kvenvæðingar óheppilega. Til þess að auka sýnileika kvenna þá er venja í tungumálum með sterkri kvenvæðingu að setja bæði karl- og kvenkynsform í setninguna á eftirfarandi hátt:

(3.1) *Sá eða sú* sem svarar flestum spurningum rétt fær verðlaun.
Hann eða hún verður fulltrúi skólans á skólamóti næsta vor.

eða bæta við skástriki eða sviga til þess að bæta við mynd fyrir hitt kynið fyrir aftan:

(3.2) Þú átt að vera ánægð(ur) með sjálfa(n) þig.

(3.3) Učenci/ce su rešili/le zadatak na vreme.
nemendur.ft.kk. /kvk. hafa lokið.lh.kk./kvk. verkefni á réttum tíma
Allir nemendur hafa lokið verkefninu á réttum tíma.

Hún bendir á að þetta þykir gera textann klaufalegan og texta með skástrikum og svigum er varla hægt að bera fram. Enn fremur hefur verið bent á að kvenvæðingin sé eins konar aðskilnaðarstefna sem geti aukið misrétti gegn konum fremur en dregið úr því og að femínistar í Þýskalandi hafi sumir jafnvel mælt gegn því að setja kvenkynsendingar í sviga eða aftan við skástrík af ótta við að það geti styrkt undirgefna stöðu kvenkynsmýndarinnar.

Í mörgum löndum hafa orð eins og *maður* einnig orðið miðdepill femínískra umræðna. Ástæðan er sú að margir jafnréttissinnar amast við tvöfaldri merkingu orðsins, þ.e. að það vísi ýmist til karlmanns eða tegundarinnar og þá bæði karla og kvenna (Anna Helgadóttir 2011). Því hafa í mörgum tungumálum verið búin til orð sem vísa til kvenna með því að bæta upp endinguna *-maður* með *-kona*, eins og:

(3.4) tillidsmand – tillidskvinde (,trúnaðarmaður/kona'), danska
chairman – chairwoman (,formaður/kona'), enska
taleskvinna – talesman (,talskona/maður'), sænska

Í ensku hefur einnig verið leitað að kynhlutlausari orðum samsettum með *-person* (Bussmann og Hellinger 2001) enda er í leiðbeiningum um ókynjað málfar í ensku yfirleitt mælt með því að nota kynhlutlaus orð og orðmyndir, fremur en að beita kvenvæðingu. Í íslensku hefur þessi leið skilað meiri árangri og meðal annars verið farin innan Kvennakirkjunnar þegar sú krafa kom upp að breyta þyrfti texta Biblíunnar í svokallað *mál beggja kynja* (Guðrún Þórhallsdóttir 2008). Auður Eir Vilhjálmsdóttir, prestur Kvennakirkjunnar, skrifar um mál beggja kynja:

Það er ekki flókið að hætta að nota karlkynsnafnorð um bæði kynin þegar önnur orð eru nærtæk. [...] Við andmælum því hvorki að konur séu gestir eða Íslendingar né að menn séu manneskjur eða hetjur [...] Við andmælum því hins vegar að karlkynsorð séu hlutlaus, hvort heldur nafnorð eða fornöfn og lýsingarorð. Við andmælum því að það sé óbreytanleg íslensk hefð að nota karlkynsorð um bæði kynin. (2005:43)

Þessi aðgerð byggist á því að nútímaíslenska tali ekki til kvenna ef karlkyn er notað í almennri merkingu, þ.e. til þess að vísa einnig til kvenna sé nauðsynlegt að endurskoða orðaval í titlum, ávörpum og starfsheitum og jafnframt að endurskoða notkun málfræðilegra kynja. Notkun máls beggja kynja opnaði fyrir töluverða umræðu og hefur verið umdeildasta form málstýringar á Íslandi og þær aðgerðir hafa mætt mestri mótspyrnu, ekki síst vegna þess að talið var erfitt að finna málfræðileg rök fyrir þeirri meintu mismunun tungumálsins sem talsmenn þessarar stefnu hafa haldið fram (Þóra Björk Hjartardóttir 2004).

Gagnrýnendur femínískrar málstýringar hafa fært rök gegn fyrirhuguðum breytingum víða um heim og oft eru málfræðingar, og líka sumir femínistar, í þessum hópi. Pauwels nefnir eftirfarandi röksemdir sem mæla gegn femínískum málumbótum (1998): að tengsl milli mismununar í tungumáli og mismununar í þjóðfélaginu séu ósönnuð og það að breyta tungumálinu muni því ekki endilega rétta hlut kvenna; að femínískar málumbætur muni skaða bókmenntahefð og tengsl milli tungumála; að femínískar málumbætur jafngildi ritskoðun sem vegi að tjáningarfrelsi einstaklingsins og að breytingarnar séu of erfiðar og óskynsamlegt að hrinda þeim í framkvæmd (Guðrún Þórhallsdóttir 2005a). Sumir andstæðingar ókynjaðs málfars halda því einnig fram að það gangi gegn málhefðinni og leyfi ekki tungumálinu að þróast „náttúrulega“. Að lokum halda þeir því yfirleitt fram að slíkar umbætur séu fyrirferðarmiklar og einfaldlega „ljótar“ (Mills 2008). Mills (2008) telur að engin þessara ástæðna til andmæla sé gild. Hún heldur því fram að tungumál þróist ekki á náttúrulegan hátt en að stöðug barátta sé um hvaða tillögur verði samþykktar. Umbæturnar virðist léttvægar vegna þess að „aðeins“ sé um tungumál að ræða en það hafi áhrif á hvernig konur upplifa hlutverk sitt innan samfélagsins. Síðast en ekki síst sé stöðugt verið að breyta opinberum skjölum í samræmi við breyttar aðstæður þrátt fyrir að það sé kostnaðarsamt. Þannig kemst hún að þeirri niðurstöðu að flest þessi rök bendi einfaldlega til tregðu til að verða við kröfum femínista.

Guðrún Þórhallsdóttir (2005a) bætir við varðandi mótspyrnu gegn þessum umbótum í íslensku: í tungumálum þar sem femínísk málstýring hefur verið stunduð áratugum saman hefur umræða um hinar ýmsu hliðar á meintri mismunun í tungumálinu staðið lengur en á Íslandi, rannsóknir hafa farið fram á notkun kynja

og afstöðu fólks til orðavals og opinberar leiðbeiningar um ókynjað málfar verið gefnar út þar sem femínistar í hópi málfræðinga hafa tekið þátt í baráttu fyrir jafnrétti í tungumálinu og það haft áhrif á umræðuna. Ekkert af því sem hér var nefnt hefur átt sér stað á Íslandi.

Að verulegu leyti er staða opinberrar umræðu um mál og kyn háð samfélagslegum og pólitískum bakgrunni í viðkomandi landi, einkum stöðu kvennahreyfinga. Finnur Friðriksson bendir á að það kemur reyndar á óvart að á Íslandi, sem er land með svo sterka og langa sögu kvennahreyfinga, hafi fræðilegur áhugi á máli og kyni verið frekar takmarkaður, bæði hjá málfræðingum og vísindamönnum sem starfa á skyldum sviðum. Á svipaðan hátt hafa málefni um mál og kyn ekki fengið mikið pláss í íslenskum fjölmiðlum eða á samfélagsmiðlum (Finnur Friðriksson 2017). Í *Gender across languages* var þetta útskýrt með því að margir virkir íslenskir femínistar telji málbreytingar af þessu tagi ekki skipta máli í jafnréttisbaráttunni. Þessi staðreynd er tengd íslenskri hefð málhreinsunar sem hefur sterkan grasrótastuðning (Grönberg 2002). Almenn skoðun um aldamótin var að kyn í tungumáli væri bara málfræðilegt fyrirbæri og hefði enga tengingu við kynjaslagsíðu en þessi skoðun er farin að snúast (sjá 3.1.).

Aðferð til að forðast kynjaslagsíðu í serbnesku hefur helst verið kvenvæðing (t.d. *slušatelj*, kk. – *slušateljka*, kvk. ‚áheyrandi‘) og hún hefur verið framkvæmd bæði að ofan og gegnum femínistahópa og fjölmiðla (Filipović 2009). Enska beitir að mestu leyti hvorugkynjun (t.d. *policeman – police* ‚lögregla‘) en íslenska hefur haldið hlutleysi málfræðilegs karlkyns (Grönberg 2002). Nýlega hafa þó komið fram vísbendingar um að þetta hafi breyst og hvorugkynjun tekið yfirhöndina að nokkru leyti. Katrín Axelsdóttir bendir á eftirfarandi þrjú atriði úr Ríkisútvarpinu sem eiga að stuðla að kynhlutleysi (2018). Hvorugkyn fleirtölu er stundum notað í stað karlkyns fleirtölu eins og í fyrirsögnunum *Fjögur dóu í skotárás í Kaliforníu* eða *38 tekin af lífi í Írak*. Ósamræmi milli nafnorðs og lýsingarorðs má einnig sjá í fyrirsögnum á borð við *Skólastjóri barnaskólans hreinsuð af ásökunum*. Og síðast en ekki síst var heiti kosningarinnar „Maður ársins“ á Rás 2 látið víkja fyrir „Manneskja ársins“ árið 2017. Heitið „Maður ársins“ er ekki einsdæmi um „kynhlutlaus leið“. Ávörp á borð við *Öll velkomin* (í stað hins hefðbundna *Allir velkomnir*) eru einnig eftirtektarverð og kvenleg og jafnvel hlutlaus starfsheiti birtast í æ meira mæli á vefsíðum fyrirtækja. Rannsókn Önnu Helgadóttur á notkun

málfræðilegra kynja í máli ungs fólks (2011) bendir einnig til þess að breyting sé að verða á notkun málfræðilegra kynja og afstöðunni til hlutleysis hins málfræðilega karlkyns í íslensku þó frekari rannsóknir séu nauðsynlegar til að hægt sé að draga skýrari ályktun. Nýlegar breytingar verða skoðaðar nánar hér á eftir.

3.4 Samantekt

Þessum kafla var skipt í almenna umfjöllun um málstefnu og málstýringu, stutta sögu femínískrar málstýringar og beitingu hennar ásamt röksemdum gegn henni. Greint var frá helstu aðferðum þessarar málstýringar sem notaðar hafa verið í íslensku og serbnesku. Í næsta kafla verður sjónum beint sérstaklega að því hvernig femínísk hugmyndafræði og málstýring hefur nýlega haft áhrif á kynjakerfi tungumálanna tveggja og hvernig breytingum (og tillögum um breytingar) hefur verið tekið í málsamfélögum. Skoðað verður hvaða aðilar standa á bak við breytingarnar og hver tilgangur þeirra er og rökstuðningur fyrir þeim breytingum, sem er sérstaklega sýnilegt í atvinnulífi og starfsheitum.

4 Í leit að hlutlausara máli

Þessi kafli fjallar um stöðu serbnesks og íslensks máls í kjölfar femínískrar málstýringar og einnig stöðu umræðunnar um breytingar sem stungið hefur verið upp á í fræðasamfélagi málsamfélaganna tveggja. Eins og rætt hefur verið í fyrri köflum eru þau atriði sem hafa átt mestu fylgi að fagna annars vegar notkun óákveðinna fornafna og persónufornafna um ótilgreinda einstaklinga og hópa og hins vegar kyngreining á starfsheitum. Þessi tvö atriði verða verða nú skoðuð nánar. Þar sem umfjöllun um ókyngreind fornöfn snýst mest um hvorugkynjun er lítil umræða á þessu sviði í serbnesku. Aftur á móti hefur kvenvæðing í starfsheitum ekki borið mikinn árangur í íslensku. Þess vegna verður meiri athygli beint að íslensku í fyrsta undirkafla en að serbnesku í öðrum. Að lokum verður athyglinni beint að hinni meintu tvískiptingu orðanna *maður* og *kona* og blæbrigðum í merkingu þeirra.

4.1 Ný kynvitund og hvorugkynjun

Eins og greint var frá í síðasta kafla hefur ókynjað málfar og það sem felst í enska hugtakinu *inclusive language* verið kallað „mál beggja kynja“ í íslensku og kom fyrst

fram á sjónarsviðið á vettvangi Kvennakirkjunnar. Hugmyndin var sú að karlkynsmyndir í biblíutextanum sem eiga að vísa til beggja kynja vikju fyrir hvorugkyni. Þá myndu setningar á borð við *Sælir eru hjartahreinir því þeir munu Guð sjá* verða að *Sæl eru hjartahrein því þau munu sjá Guð* en karlkynsmyndir eins og *sá, þeir, allir, sumir* og *nokkrir* víkja fyrir hvorugkynsmyndum eins og í áðurnefndu dæmi *Allir velkomnir* → *Öll velkomin* (sjá Auði Eir Vilhjálmsdóttur 2005, Guðrúna Þórhallsdóttur 2005). Kvennakirkjukonur hafa farið að þessu fordæmi í útgáfu sinni *Vinkonur og vinir Jesú* og þær andmæla því að karlkynsorð geti verið hlutlaus og að það sé óbreytanleg íslensk hefð að nota karlkynsorð um bæði kyn. Litið var á þetta sem býsna róttæka breytingu og heit umræða og mótspyrna gegn því kom í kjölfar þessarar útgáfu. Samt sem áður virðist þetta málfar hafa byrjað að ná fótfestu og enn fremur að breiðast út undanfarið. Á þetta bendir Katrín Axelsdóttir í áðurnefndri umfjöllun sinni um breytt málfar í Ríkisútvarpinu. Vísbendingar eru um að notkun málfræðilegra kynja sé að breytast í íslensku á eftirfarandi hátt (sem reyndar voru tekin dæmi um í almennri umfjöllun um kyn í íslensku í fyrsta kafla):

1) Karlkyn er að víkja fyrir hvorugkyni þar sem um ótilgreinda einstaklinga eða almennt ávarp er að ræða. Samkvæmt málvenju er karlkyn notað um ótilgreindan hóp manna en hvorugkyn eingöngu um hóp sem samanstendur af báðum kynjum (Guðrún Þórhallsdóttir 2008).

2) Það færir í vöxt að tilvísandi kyn samræmist líffræðilegu kyni þegar talað er um fólk. Niðurstöður könnunar Önnu Helgadóttur (2011) ýta undir þá hugmynd því að þátttakendur höfðu fornafn í hvorugkyni fleirtölu þegar þeir vísuðu til orðanna *krakkar, foreldrar*, en einnig *nemendur, viðskiptavinir* og *áhorfendur* sem oft eru tengd blönduðum hópi manna. Samt sem áður þarf að hafa í huga að þessi þróun tengist ekki endilega femínískri málstýringu og hefur lengi verið til í málinu að nokkru leyti. Rannsókn Önnu var ennfremur gerð á litlu úrtaki sem er erfitt að alhæfa út frá.

3) Ósamræmi málfræðilegra kynja innan setninga virðist líka vera að aukast bæði hjá tilvísandi fornöfnum (t.d. er samkvæmt málvenju eðlilegra að láta karlkynsfornafnið *hann* vísa til orðsins *kennari* þrátt fyrir að um konu sé að ræða en ungt fólk velur frekar að nota *hún*) en einnig í sambandi lýsingarorðsagnfyllinga við frumlag (t.d. *Foreldrar eru reið*.) en frekari rannsóknir séu nauðsynlegar til að hægt sé að draga skýrari ályktun um umfang þessara breytinga.

Í fyrsta kafla kom einnig fram að ekki er hægt að beita aðferðum á borð við þessar í serbnesku vegna þess að hvorugkyn er markaðast af öllum og getur aldrei gegnt hlutleysishlutverki.

Hugmyndirnar á bak við þessar breytingar virðast upprunnar í róttækum femínisma og sumir halda fram að rótgróin mismunun kvenna endurspeglar í tungumáli. Burtséð frá Kvinnakirkjunni hafa ekki margir reynt að tengja þessar hugmyndir tungumálaveruleika á Íslandi, sérstaklega þar sem málvísindamenn hafa verið helstu andstæðingar slíkra hugmynda. Sem nýlegt dæmi um þessa umræðu á Íslandi má nefna grein eftir Hildi Knútsdóttur (2013) á femínistvefsíðunni *Knúz*. Í greininni heldur Hildur því fram að tungumál móti hugsanir okkar og notkun karlkyns í hlutleysishlutverki gerir íslensku að karlmiðuðu tungumáli sem kúgar konur. Í sterkri umræðu sem greinin kom af stað í ummælakerfi á vefsíðunni var harðasta mótspyrnan einmitt frá málfræðingi, Irisi Eddu Nowenstein, sem skrifaði sérgrein sem svar. Í greininni „Að gera málkerfið að karlrembusvíni“ (2013) hafnar hún málfræðilegu afstæði sem úreltri kynningu þótt hún sé annars sammála femínískri stefnu Hildar. Að lokum dofnaði umræðan en hugmyndir um karlrembu í íslensku hafa síðan komið fram frá öðru sviði. Á Íslandi eru einnig til málfræðingar sem hafa tekið undir kröfur um jafnréttismálfar síðustu árin, t.d. Eiríkur Rögnvaldsson og Finnur Friðriksson, og skrif voru birtuð í öðrum greinum um þetta viðfangsefni, t.d. MA-ritgerð Katrínar Harðardóttur í þýðingafræði (2014).

Jafnréttisbarátta kynjanna hefur ekki verið það eina sem hefur borið árangur í íslensku samfélagi undanfarið heldur hefur hinsegin samfélagið endurskilgreint hugtakið kyngervi og leyst upp tvíhyggjuhugmyndina *karl-kona* með nýrri kynvitund sem felur í sér margvísleg kyn og kynhneigðir. Hefðbundin tvígreining í karla og konur hefur samkvæmt því orðið úrelt og gera þarf ráð fyrir fleiri valkostum. Í ljósi íslenskrar málhreinunarstefnu og sterkrar málhefðar hefur orðið ljóst að íslensk tunga hefur mjög takmarkaða möguleika á að bregðast við þessum nýja samfélagslega veruleika. Innan hinsegin samfélagsins er *kynsegin fólk* (e. *gender queer/gender fluid*). Kynsegin er regnhlífahugtak yfir fólk sem lítur ekki á sig sem einungis karlkyns eða kvenkyns. Sumir upplifa sig sem hvort tveggja, aðrir sem hvorugt og enn aðrir eitthvað þar á milli (Alda Villiljós 2016). Samtökin '78 hafa síðustu ár verið brautryðjendur svonefndra *hinsegin málumbóta*, þau hafa búið til gríðarlega mikið af nýyrðum um kyngervi og kynhneigð og tekist á við sjálfstjáníngu

fólks sem finnur ekki sinn stað í hefðbundinni tvískiptingu karla og kvenna eða jafnvel gagn- og samkynhneigðra.

Þótt sú tilgáta að tungumál móti hugsunina sé umdeild eru tvímælalaus tengsl milli tungumáls og sjálfsmyndar félagshópa. Málfar, orðaforði, framburður og fleira eru þættir sem fá málhafa til að samsama sig ákveðnu orðræðusamfélagi. Þannig tilheyrir fólk ákveðnum félagslegum hópi eftir því hvaða eða hvernig mál það talar og sjálfsmynd þess mótast af því (Selma Margrét Sverrisdóttir 2016). Vegna þessara tengsla getur tungumálið haft áhrif á sjálfsmynd hvers einstaklings. Kyn fólks er hluti af sjálfsmyndinni og fólk vill almennt ekki láta vísa til sín með röngu kyni. Frá þessu sjónarhorni getur málfræðilegt hlutleysi karlkyns orðið vafasamt, eins og Eiríkur Rögnvaldsson benti á á 10. norrænu ráðstefnunni um mál og kyn í Háskólanum á Akureyri árið 2017:

[...] En málfræðin stjórnar ekki upplifun fólks, og þótt kynbeyging og flokkun orða í kyn sé í grunninn málfræðilegs eðlis verður ekki fram hjá því litið að hún hefur mjög sterk tengsl við líffræðilegt kyn í huga fólks. Ef mörg, bæði konur og þau sem skilgreina sig hvorki sem karlkyns né kvenkyns, upplifa það þannig að þau séu á einhvern hátt sniðgengin með notkun karlkyns í slíkum dæmum, þá finnst mér nauðsynlegt að velta fyrir sér hvort og hvernig sé hægt að bregðast við því.

(Eiríkur Rögnvaldsson 2017)

Vegna þess að íslenska er tungumál með þrjú málfræðileg kyn er kyn talanda alltaf fullkomlega gegnsætt bæði í skrifuðu og töluðu máli. Einstaklingur sem lýsir því að hann sé glaður, þreyttur, dapur og svo framvegis afhjúpar kyn sitt sjálfkrafa með því að velja t.d. *ég er leiður* og gefa sig fram sem karl eða *ég er leið* og tilkynna að hann sé kona. Ímynduð kynjahlutlaus tjáning væri *ég er leitt* en þetta þótti upprunalega óviðeigandi vegna þess að það myndi gefa til kynna að sá sem segir það sé dýr eða hlutur. Þannig að jafnvel fyrir einfalda tjáningu hentar notkun kynhlutlausra forma ekki vel fyrir íslensku (Josephson og Þorgerður Einarsdóttir 2016). En það er ekki heldur æskilegt að málnotendum líði eins og þeir séu skildir útundan í sínu eigin máli.

Í baráttunni um að finna sinn stað í tungumálinu hefur kynsegin fólk komið að hindrun strax í fyrsta skrefinu – að velja sitt eigið sérnafn. Samkvæmt íslenskum

málstaðli eru sérnöfn alfarið kynjaskipt en eins og greint var frá í fyrsta kafla komu ný lög um kynrænt sjálfstæði árið 2019 sem gera það kleift að velja sér sérnafn óháð kyni. Þetta er bein afleiðing hinsegin málumbóta og það verður áhugavert að sjá hvers konar áhrif (ef einhver) þetta mun hafa á notkun málfræðilegra kynja. Auðvitað mætti svona alvarlegt brot á málhefðinni móspyrnu, ekki síst í málvísindasamfélagi, en helsti stuðningsmaður þessara umbóta er Eiríkur Rögnvaldsson sem tekur að það sé tímabært að endurskoða íslenskan málstaðal (2019) og losna við hefðir sem hafa neikvæð áhrif á viðhorf fólks til íslenskunnar: „En hefðir eru lítils virði nema samfélagið þar sem þær gilda hafi áhuga á að halda í þær. Hefð sem þarf að viðhalda með lögum er ekki hefð – heldur nauðung.“ Hann tók líka fagnandi tillögu Samtakanna '78 um að bjóða upp á annað val í hefðbundnum kynjaskiptum kenninöfnum. Lausnin sem stungið var upp á var að endurnýta orðið *bur* sem kynhlutlaust viðskeyti sem valkostur við *-son* og *-dóttir* í kenninöfnum. Gert er ráð fyrir að orðið verði notað í hvorugkyni (en það var notað í karlkyni í merkingunni ‚sonur‘ samkvæmt orðabókum) í nýju merkingunni ‚barn, afkvæmi‘. Fólk sem skynjar sig hvorki sem karla né konur hefur notað orðið síðan og það var tekið inn í frumvarp til laga um mannaöfn sem lagt var fram á Alþingi haustið 2018 en ekki samþykkt (Eiríkur Rögnvaldsson 2019a). Þegar kemur að málstýringu „að ofan“ virðast hinsegin málumbætur samt sem áður nú þegar hafa náð meiri árangri á Íslandi á síðustu árum en femínistar hafa nokkurn tíma náð.

Önnur stór hindrun í málnotkun kynsegin fólks snýst um hvaða persónufornafn það getur notað um sjálft sig. Sumir trans einstaklingar kjósa að notast við annaðhvort fornafnið *hann* eða *hún* en sumt trans fólk vill notast við kynhlutlaus persónufornöfn og er því í hópi með kynsegin einstaklingum. Það er almennt álit fólks innan kynsegin samfélagsins að ekkert persónufornafn í íslensku sé nægilega gott til þess að vísa til þeirra sem ekki skilgreina sig sem karlkyns eða kvenkyns. Þessum einstaklingum finnst ekkert þeirra þriggja persónufornafna sem þegar eru til - *hann*, *hún* og *það*, vera nægilega hentugt (Selma Margrét Sverrisdóttir 2016). Í þessari skiptingu eigi hvorugkynsmyndin *það* að gegna hlutleysishlutverki en það væri Íslendingum of framandi að nota hvorugkyn eintölu um einstaklinga (Guðrún Þórhallsdóttir 2008). Enn fremur er notkun tilvísandi kyns í staðinn fyrir málfræðilegt mest áberandi með hvorugkynsnafnorðum sem vísa til mannvera, eins

og Þorbjörg Þorvaldsdóttir (2017) bendir á í fyrirlestri sem hún flutti á ofan nefndri málstefnu um mál og kyn. Hún gefur eftirfarandi dæmi til að lýsa því:

(4.1) Ófríska skáldið hljóp út af ljóðalestrinum. **Því** hefur kannski verið óglatt.

(4.2) Sjáðu stressaða vitnið í jakkafötunum. **Það** er alveg ótrúlega sveitt.

Þótt þessar setningar séu málfræðilega séð réttar er mun líklegra að í dæmi (4.1) myndu málnotendur kjósa að nota *henni* og í (4.2) einnig velja lífræðilegt kyn einstaklingsins sem um er að ræða. Þorbjörg heldur fram að hvorugkynsfornöfn samræmist sjaldnast málfræðilegu kyni með orðum um einstaklinga eins og eftirfarandi tafla sýnir:

PERSÓNUFORNÖFN Í SAMRÆMI: SAMANBURÐUR			
Samræmisvaldur	<u>hann</u>	<u>hún</u>	<u>það</u>
Mannanöfn	oft	oft	aldrei
Orð um einstaklinga	oft	oft	sjaldan
Dauðir hlutir	oft	oft	oft
Óafmarkaðir samtengdir nafnliðir	sjaldan	sjaldan	oft
Setningar	aldrei	aldrei	oft
Enginn: gervifrumlag	aldrei*	aldrei	oft

Tafla 1: Persónufornöfn í samræmi. Glæra úr fyrirlestrinum *Hvað með „það“?*

Persónufornafnið sem hentar ekki þegar vísað er í fólk, Þorbjörg Þorvaldsdóttir 2017

Ein leið að koma í veg fyrir vandræði með notkun fornafnsins *það* er að búa til nýtt hvorugkynsfornafn sem myndi bara vísa til fólks, með sænsku lausnina *hen* sem fyrirmynd. Fleiri uppástungur komu fram en fornafnið sem virðist ná fótfestu er *hán*. Ólíkt orðinu *hen* var orðið *hán* upprunalega smíðað aðeins sem fornafn handa einstaklingum sem telja sig hvorki karla né konur en ekki að þjóna kynhlutleysishlutverki (*það* var sem sagt ekki ætlast til að fólk færi að segja: *Ef einhver hringir segðu hán þá að ég sé ekki heima* eða *Ef nemandi þarf að taka sjúkrapróf á hán að leggja fram læknisvottorð*) en notkunar svið orðsins breiddist út smám saman (*Hán – Kynhlutlaus persónufornöfn* 2016). Hvorugkynsfornafnið *hán* samræmist lýsingarorðum í hvorugkyni (dæmi: *Hán er orðið þreytt*). En eins og rætt hefur verið er notkun hvorugkynslýsingarorða eintölu vafasöm þegar talað er um

einstaklinga og það notað sem rök gegn innleiðingu nýs fornafns. Önnur sterk andstaða við orðið kemur enn og aftur frá íslenskri málhefð þar sem fornöfn eru talin lokaður orðflokkur. Samkvæmt þessari skilgreiningu er ekki hægt að bæta við nýju fornafni. Samt sem áður staðhæfir Eiríkur Rögnvaldsson að það væri ekki svo uppþrengjandi í tungumálinu. „Með því er ekki verið að bæta við fjórða kyninu í íslensku, því að *hán* er augljóslega hvorugkyn og hvorugkyn er fyrir í málinu. Það er bara verið að koma með nýtt orð sem leysir orð sem fyrir er af hólmi að hluta til“ (2017). Hann heldur því fram að þetta sé ekki heldur einsdæmi í málinu. Til skamms tíma voru tvö fornöfn sem táknuðu 1. og 2. persónu í báðum tölum –*þú, þið* – og svo *þér* bæði í eintölu og fleirtölu og *ég, við*, og *vér* í upphöfnu tali bæði fyrir eintöluna og fleirtöluna. Og fyrst orðflokkur fornafna breyttist með því að hátíðlegu fornöfnin *vér* og *þér* duttu út þá er ekki óhugsandi að ný fornöfn komi inn.

Enn er of snemmt að segja til um hvort *hán* muni festa sig í sessi í íslensku á svipaðan hátt og *hen* í sænsku og enn hefur engin formleg rannsókn verið framkvæmd á þeim mögulegu inngripum sem það orð hefur gert. Hvorugkynjun almennt, bæði sem hluti af hinsegin málumbótum og í „máli beggja kynja“, hefur verið litin alvarlegum augum af málvísindamönnum á Íslandi, enda eru þættir hennar mjög mikið inngrip í málkerfið. Það var því miður ekki hægt að tengja þessa umræðu við málbreytingar sem hafa átt sér stað í kynjakerfi serbnesku, bæði vegna þess, eins og fyrr var getið, að hvorugkynið er ófært um að gegna hlutleysishlutverki og einfaldlega vegna þess að litið er framhjá stöðu og kröfum hinsegin fólks sem eru gróflega sniðgengnar á öllum sviðum í serbnesku samfélagi. Í framhaldinu verður aftur vikið að sviði þar sem mikil kvenvæðing á sér stað og umræðan hefur verið yfirstandandi í báðum málsamfélögum, þ.e. starfsheitum.

4.2 Starfsmenn, starfskonur og starfsfólk

Í umræðunni um kynjakerfið í tungumálunum tveim kom í ljós að bæði í íslensku og serbnesku eru stundum tengsl á milli málfræðilegs og líffræðilegs kyns. Þessi tengsl eru mest í dýraheitum, frændsemisorðum og orðum sem vísa til einstaklinga, oft andstæðupörum á borð við *faðir – móðir, vinur – vinkona*. Svona andstæðupör má líka sjá í sumum starfsheitum en sum þessara starfsheita hafa lengi verið í málinu og önnur eru afleiðing femínískrar baráttu fyrir sýnileika kvenna. Í serbensku eru nokkur starfsheiti sem lengi hafa verið tengd kvenkyni eins og *krojačica*

(,saumakona'), *kuvarica* (,matreiðslukona'), *čistačica* (,ræstingakona'), *vaspitačica* (,fóstra'), *stjuardesa* (,flugfreyja'), *medicinska sestra* (,hjúkrunarkona'), *dadilja* (,barnapía'), og *babica* (,ljósmóðir'). Að þremur síðastnefndu heitunum frátöldum, geta þessi starfsheiti komið fyrir bæði sem karlkyns- og kvenkynsnafnorð, þ.e.a.s. kvenkynsmyndirnar í slíkum andstæðupörum eru einmitt búin til úr karlkyns orðum með viðskeytunum *-a*, *-ica*, *-ka*, *-inja*, *-kinja*, og *-uša*. Í íslensku eru ekki lengur virk viðskeyti sem búa til kvenkynsmynd úr karlkyni. Algengasta kvenviðskeytið *-a* er ekki lengur mjög virkt og einungis örfá kvenkynsorð sem enda á *-a* hafa verið búin til sem heiti um konur við hlið karlkynsorða, eins og *þulur* – *þula* og *stjóri* – *stýra* (Anna Helgadóttir 2011). Kvenkynsformið *stýra* var þá notað í myndun andstæðuparanna *forstjóri* – *forstýra*, *skólastjóri* – *skólastýra*, *framkvæmdastjóri* – *framkvæmdastýra*.

Starfsheiti sem vísa einnig til kvenna eru ekki óeðlileg í málunum tveimur en flest þessara orða í íslensku hafa *-kona* sem síðari liður samsetts orðs (einnig oftast búin til sem andstæða við *-maður*). Áður endurspegluðu þessi starfsheiti hefðbundna samfélagsstöðu karla og kvenna og skiptingu í karla- og kvennastörf, því störf sem var eðlilegt að konur gegndu (eins og nefnt er hér á undan) og birtust í kvenkyni voru ekki mikils metin störf og flest tengdust þrifum, matreiðslu og umönnun. Í íslensku hefur sú þróun orðið á starfsheitum sem áður voru einungis kvenkyns að þeim var breytt í karlkynsorð eftir að körlum í þessum starfsstéttum fjölgaði. Þetta var gert í kjölfar breytinga á menntun og skilgreiningu starfsins. Starfsheitið *leikskólakennari* kom því í stað starfsheitisins *fóstra* þar sem starfið var skilgreint sem kennsla en ekki dagvistun. *Hjúkrunarkonum* var breytt í *hjúkrunarfræðinga* af því að námið var færð á háskólastig (Selma Gunnarsdóttir 2009). Eins og nefnt var í 3. kafla var tíðarandinn á síðari hluta 20. aldar líka þess konar að vilji var til að karl og kona hefðu sama starfsheiti. Margar konur vildu endilega hafa sama starfsheiti og karlarnir til að sýna að þær störfuðu við hlið karlanna á jafnréttisgrundvelli og til dæmis kallast *skúringakona* nú *ræstitæknir*. Heitinu *medicinska sestra* (,hjúkrunarkona', bókstaflega ,heilsu-systir') í serbnesku var hins vegar breytt einungis vegna þess að karlmenn eru í auknum mæli farnir að sinna starfinu. Þótt hvorki náminu né starfslýsingunni hafi verið breytt kom ný karlkynsmynd *medicinski tehničar* (bókstaflega ,heilsu-fagmaður') or er notuð samhliða gamla heitinu sem notað er um konur enn í dag. Sama gildi upphaflega ekki

um karlastéttir sem kvenmenn hófu að sinna en það var útskýrt með hlutleysishlutverki karlkyns í báðum tungumálum og því að kvenkyn hefði alltaf haft mjög þröngt notkunarsvið þegar talað er um fólk, þar sem það er yfirleitt notað um konur (með fáum undantekningum sem nefndar voru í 1. kafla).

Smám saman komu samt ný form inn í málið. Í serbnesku voru þetta áðurnefnd kvenkynsform búin til með viðskeytum. Í íslensku eru ýmis starfsheiti sem enda á orðinu *-maður* og oftast hafa verið smíðuð úr þeim orð sem vísa til kvenna eða beggja kynja með *-kona* (eða með því að bæta *kven-* fyrir framan) og *-fólk*. Mörg starfsheiti eru þó í karlkyni en enda ekki á *-maður*. Sem dæmi ná nefna orðin *kennari*, *skólastjóri*, *leikari*, *bóndi*, og svo störf sem enda á *-fræðingur* (*lögfræðingur*, *sálfræðingur* o.s.frv.). Í þessum tilfellum hafa einnig verið mynduð sérstök kvenkennd starfsheiti við hlið karlkenndra og má nefna sem dæmi *kennslukona*, *skólastýra*, *leikkona* og *bóndakona*. Það var vissulega gert í þeim tilgangi að leggja áherslu á líffræðilegt kyn en það er ekki algengt og þessi orð eru frekar fá og sumar kvenkynsmyndirnar hafa í raun aldrei fest sig almennilega í sessi (Selma Gunnarsdóttir 2009). Ein af ástæðunum þess að sum orð með *-kona* í síðari lið hafi ekki náð fótfestu sem Anna Helgadóttir bendir á er hversu mikið orðið var notað í fjölmiðlum og opinberri umræðu (2011). Í niðurstöðum hennar kom í ljós að þátttakendur könnuðust betur við og voru mun líklegri til að samþykkja formið *þingkona* en til dæmis *forkona* eða *lögkona* sem líklega tengist tilvist fyrstnefnda orðsins þar sem Kvinnalistakonur, sem komust á þing árið 1983, vildu frekar nota heitið *þingkona* um kvenkynsþingmann og orðið var mikið í opinberri notkun. Engu að síður virðast flestar konur á Íslandi sætta sig við að vera kallaðar *kennarar*, *þingmenn* eða *forstjórar*.

Í serbnesku eru einfaldlega engin orð til í kvenkyni fyrir ákveðin félagsleg hlutverk, störf eða tign, t.d. *pilot* (‘flugmaður’), *vatrogasac* (‘slökkviliðsmaður’), *policajac* (‘lögreglumaður’). Til eru fleiri orð þar sem virkur orðmyndunarháttur er notaður til að búa til kvenkynsmynd en mynduðu orðin eru umdeild, en þetta var rætt í 1.3. í sambandi við tiltekin karlkyns viðskeyti sem mynda karlkynsnafnorð úr sögnum. Þar sem karlkynsmyndirnar hafa verið álitnar yfirgripsmiklar og hlutlausar, hafa margir fylgismenn feðraveldisins í Serbíu og málfræðilegra hugmynda sem styðja það haldið því fram áratugum saman að ekki sé nauðsynlegt að búa til kvenkynsmyndir fyrir starfsgreinar sem konur hafa nýlega haslað sér völl

Í. Femínísk viðbrögð hafa verið að reyna að hrekja slíkar fullyrðingar og sanna söguleg tengsl á milli málfræðilegs kyns og félagslegrar stöðu kvenna og karla (Filipović 2009). Notkun ókynjaðs málfars er þannig enn umdeild í dag, þrátt fyrir að hún sé mjög virk í málinu. Nefnd um stöðlun serbneskrar tungu mælir með að notuð séu starfsheiti í kvenkyni þar sem notkun þeirra er í samræmi við gildandi málstaðal og málhefð. Þegar kemur að kvenkynsmyndum sem ekki eru staðlaðar eða algengar samkvæmt málhefðinni er rétt að nota almenna karlkynsmynd, vegna þess að notkun hennar felur ekki á neinn hátt í sér mismunun gegn konum en það felur hins vegar í sér vitund um jafnt félagslegt gildi karla og kvenna (Odbor za standardizaciju srpskom jezika 2017:274). Savić (2009) telur að takmörk á notkun nýrra kvenkynsnafnorða sem ekki hafa verið notaðar hingað til, en hægt er að búa til og nota á því formi samkvæmt orðmyndunarreglum, séu sýnilega að breytast. Hún hafnar því afdráttarlaust að á serbnesku séu ekki til kvenkynsmyndir fyrir sum starfsheiti en að þær hafi bara ekki enn komist í notkun. Ef kvenkynsmyndirnar eru enn ekki til, eða málnotendum finnst enn of óeðlilegt að nota þær, bendir hún á tvo aðra möguleika til þess að viðhalda sýnileika kvenna í málinu. Annar er að nota orðið *žena* (,kona') með starfsheitinu:

(4.3) Prva žena kosmonaut Valentina Tereškova je stigla na mesec.
fyrstur.kvk. kona.kvk. geimfari.kk. Valentina Tereškova lenti.lh.kvk. á tunglið
Fyrsti kvenlegi geimfarinn, Valentina Tereškova, lenti á tunglinu.

Hinn er að kynna manneskju sem gegnir starfinu annaðhvort með sérnafni eða með notkun fornafns eða að leggja áherslu á að um konu sé að ræða á annan veg. Til dæmis:

(4.4) Ona je profesor.
hún.kvk. er prófessor.kk.
Hún er prófessor.

Naš novi profesor je žena.
okkar.kk. nýr.kk. prófessor.kk. er kona.kvk.
Nýi prófessorinn okkar er kona.

Eina mikilvæga atriðið sem allir þátttakendur í umræðunni um ókynjað málfar eru sammála um (bæði femínískir málfræðingar eins og Savić og nefndarmenn í Nefnd um stöðlun serbneskrar tungu) er að ekki megi brjóta gegn málfræðilegu samræmi kynjanna innan setningarliða. Í 12 viðmiðunarreglum sínum um stöðlun ókynjaðs málfars nefnir Savić (2009) þetta sem fyrstu regluna: „Nauðsynlegt er að fylgja grundvallarreglu í myndun setninga á serbnesku: Frumlagið og sagnfyllingin verða að samræmast í kyni, tölu og persónu.“ Þess vegna er óhugsandi, eins og rætt var í 1. kafla, að breytingar verði á þessu samræmi í serbnesku, ólíkt íslensku.

Þótt fræðimenn séu ósammála um umfang beitingar ókynjaðs málfars, er málið orðið pólitískt í Serbíu. Meginreglan um jafnrétti kynjanna kemur fram í lögum um mismunun frá 2009 (s. *Zakon o zabrani diskriminacije*) og jafnréttislögum frá sama ári (s. *Zakon o ravnopravnosti polova*), svo og í stefnumörkun ríkisins (Begović 2015). Notkun ókynjaðs málfars hefur orðið eitt af grunntáknum um breytingar á langvarandi feðraveldi í serbnesku samfélagi, sérstaklega þar sem landið hefur nýja von um að ganga í Evrópusambandið og (að minnsta kosti formlega) leitar í átt að frjálsræði á mörgum sviðum. Reglubók um notkun ókynjaðs málfars er einnig hluti af Siðareglum blaðamanna í Serbíu (2008), Siðareglum fyrir rafræna fjölmiðla (2002) og Félag sjálfstæðra rafrænna fjölmiðla (Begović 2015)³.

Þótt stutt sé við notkun ókynjaðs málfars á mörgum opinberum sviðum er mismikil tilhneiging hjá konum að nota kvenkynsmyndir tengdar starfsstéttum. Þótt kvenkynsstarfsheiti séu til í serbnesku, velja margar konur sem eru í mikils metnum störfum (ráðandi stéttir og sérfræðingar á mörgum sviðum) að nota karlkynsheiti um sig. Svo virðist vera að kvenkynsheiti séu ekki jafn mikils metin og karlkynsheiti og störfin missa að hluta virðingarstöðu sína með kvenkyns notkun (Bugarski 2005). Svipað kom í ljós í rannsókn Steinþórs Steingrímssonar í sambandi við birtingu kvenkynsmynda starfsheita (hann taldi sérstaklega nafnorðin sem enda á *kona*) í Markaðri íslenskri málheild. Hann bar saman hversu oft kvenkynsmyndir koma fram í MÍM og í leit á Tímarit.is og hversu oft kvenkenndu orðin koma fram hlutfallslega miðað við þau hefðbundnu/karlkynjuðu. Hann skoðaði líka hvernig

³ Með ókynjuðu málfari er í serbnesku samhengi að mestu leyti átt við mál sem bætir sýnileika kvenna í samfélagi og dregur úr neikvæðum merkingarblæ um félagslega stöðu kvenna: Í starfsheitum og ávarpi.

hlutfallið hefur breyst frá því um miðja 19. öld og þar til nú. Niðurstöður sýndu að algengustu starfsheiti sem enda á *-kona* eru öll minna notuð en karlkynjaðar samsvaranir þeirra, sem kemur ekki á óvart miðað við það að kvenkenndu orðin geta aðeins átt við konur en þau karlkynjuðu eru ætluð fólki af báðum kynjum. Það kom einnig í ljós að notkun margra starfsheita hefur aukist mikið undanfarna áratugi og kvenkynsstarfsheiti eru í æ ríkari mæli notuð um konur í ákveðnum starfsstéttum (Steinþór Steingrímsson 2015). Hann skipti þessum stéttum í hinar vinnandi stéttir, hinar ráðandi stéttir og hinar skapandi stéttir. Í hinum ráðandi stéttum var notkun orðsins *þingkona* mest áberandi einmitt vegna áðurnefndrar barráttu fulltrúa Kvinnalistasins að vera ávarpaðar á þennan hátt. Þá kemur ekki á óvart að hlutfall þessarar myndar var hátt í Alþingisumræðum á níunda og tíunda áratugnum og svo fór notkun orðsins að dala aftur. Í prentmiðlunum hefur notkun þess hins vegar aukist undanfarið, hugsanlega vegna fjölgunar kvenna á þingi (Steinþór Steingrímsson 2015) en það styður við útskýringar Önnu Helgadóttur um jákvæð viðbrögð þátttakenda í rannsókn hennar við orðið *þingkona*.

Rannsókn Steinþórs leiddi í ljós að þau starfsheiti sem hann skilgreindi sem hinar skapandi stéttir njóta nokkurrar sérstöðu í því að í langflestum tilvikum hefur notkun kvenkennda starfsheitisins aukist síðustu áratugi. Ein ástæða þess getur verið að þessum stéttum tilheyra störf eins og *leikari/leikkona, söngvari/söngkona*, en í þessum störfum gegna karlar og konur mismunandi hlutverki (söngkonur syngja í annarri tónhæð en söngvarar og það eru aðskildir kvenna- og karlakórar, leikarar leika karlmannshlutverk en leikkonur kvennahlutverk og kynin keppa í mismunandi flokkum til verðlauna).

Ein af ástæðunum sem serbneskir fræðimenn nefna fyrir því að konur hika við að nota kvenkynsmyndir er að kvenkynsmyndir hafa stundum neikvæðan merkingarblæ. Kvenkynsorðið táknar oft ekki það sama og samsvarandi karlkynsútgáfa og er stundum jafnvel niðrandi fyrir konu sem það lýsir (Rajić 1982). Sem dæmi má nefna orðið *domaćica* sem merkir 'húsmóðir' og var áður algengasta starf kvenna en er í dag oft tengt við kúgun þeirra. Karlkynsmynd *domaćin* hins vegar merkir 'forstöðumaður heimilis' og er virðulegt hugtak. Hugsanlega hafði *domaćica* áður fyrr einnig þá merkingu ('forstöðukona heimilis') en eins og Mills greinir frá (2008) hefur merking hugtaka sem tengjast konum eða kvenleika breyst í gegnum tíðina og fengið neikvæðan blæ, sérstaklega hvað

varðar orð sem vísa til kvenna í valdastöðum. Annað dæmi er orðið *sponzor* sem þýðir ‚ábyrgðarmaður, stuðningsmaður‘ en kvenkynsmyndin *sponzoruša* er frekar neikvætt orð sem merkir konu sem vill ekki taka ábyrgð á sjálfri sér og leitar að ríkum manni til að giftast sem mun borga fyrir þarfir hennar. Að lokum má nefna starfsheitið *sekretarica* sem þýðir ‚ritari, persónulegur aðstoðarmaður‘ en karlkynsmyndin *sekretar* merkir ‚kanslari, ráðherra‘. Síðan Angela Merkel varð kanslari í Þýskalandi var farið að nota orðmynd í kvenkyni, *sekretarka*, í sömu merkingu. En viðskeytið *-ka* tengdist áður hjúskaparstöðu en þá var bætt við eftirnöfnum til að vísa í giftar konur (þannig að ef maður heitir *Petrović* þá er *Petrovićka* kona hans) og í huga eldri kynslóða kvenna merkja núverandi starfsheitin *ministarka* (‚kvenkyns ráðherra‘) og *doktorka* (‚kvenkyns læknir‘) eiginlega eiginkonu ráðherra og læknis. Í íslensku var svipað breyting í merkingu í orðum eins og *bóndakona* og *prestskona* sem merkja í fyrsta lagi ‚eiginkona bónda‘ og ‚eiginkona prests‘. Sum starfsheiti í íslensku breyttust í átt að meira hlutleysi einnig því að gamla kvenkyns orðið þótti ekki nógu virðulegt heiti (t.d. *ræstitæknir* kom í staðinn fyrir *ræstingakona* eða *skúringakona*, *snyrtifræðingur* í staðinn fyrir *snyrtidama*). Merkingarmunur orðanna *gleðimaður* og *gleðikona* ýtti líka undir óánægju sumra kvenna því orðabækur skýra orðið *gleðimaður* sem ‚fjörugur maður, samkvæmissmaður‘ en orðið *gleðikona* aðeins sem ‚lauslætisdrós, vændiskona‘ þótt orðið hafði upprunalega merkingu hliðstætt við karlkynsútgáfu (sjá Ástu Svavarsdóttur 1993, Guðrúnu Þórhallsdóttur 2018).

Að lokum kemur upp spurningin um tvískiptinguna *maður-kona* sem birtist iðulega í starfsheitum. Orðið *maður* í íslensku er bæði tegundarheiti og merkir einnig karlmaður. Í íslenskri málhefð vísar þetta orð til beggja kynja í margs konar samhengi og er hlutlaust orð um einstaklinga af tegundinni *homo sapiens*, þannig að tvískiptingin *maður-kona* virðist vera ónákvæm og ætti frekar að vera *karl-kona*. Merking orðsins *maður* samsvarar merkingu orðsins *čovek* í serbnesku. Orðið *čovek* (fleirtala: *ljudi*) gegnir mörgum hlutverkum í serbnesku og á einnig við um bæði kyn í samsettum orðum og orðasamböndum eins og *čovečanstvo* (‚mannkyn‘), *ljudska prava* (‚mannréttindi‘) og *čovečnost* (‚mannúð‘). En þótt *čovek* eigi að eiga við um bæði kyn, þýðir það í raun oft aðeins ‚karlmaður‘, eins og sést í fasta orðasambandinu *čovek i žena* (‚maður og kona‘) (Bugarski 2005:54). Merking orðsins *maður* samsvaraði einnig merkingu orðsins *man* í ensku en orðið *man* fór að

missa hlutleysisstöðu sína og í staðinn fyrir *mankind* er nú talað um *humankind* og smíðuð hafa verið orð með *-person* eða *-people* í stað *-man* þegar vísað er til beggja kynja (Pauwels 1998). Þessi þróun virðist einnig vera að eiga sér stað bæði í serbnesku og íslensku þar sem sumum málnotendum finnst að orðin eigi bara við um karlmenn (þótt til sé sérstakt orð í serbnesku sem merkir ‚karl‘, *muškarac*). Eins og rætt var áður, hafa í íslensku verið búin til mörg samsett orð með *kona* og *fólk* sem leysa af hólmi *maður* og sumum jafnréttissinum þykir meira jafnrétti vera fólgið í kynhlutlausari orðum á borð við *manneskja* (Anna Helgadóttir 2011).

Þessi nýja tvískipting í menn og konur þykir vera komin það langt að notkun orðsins *kona* í stað *maður* sem ópersónulegt óákveðið fornafn hefur undanfarið ár verið sífellt meira áberandi hjá konum sem skrifa t.d. blogg færslur eða ummæli á ýmsum samfélagsmiðlum (Finnur Friðriksson 2017). Í serbnesku hafa konur líka farið að nota orðið *žena* (‚kona‘) í mótmælaskyni vegna þess að orðið *žena* hefur í serbneskri málhefð neikvæðan merkingarblæ í samanburði við andstæður sínar *muškarac* og *čovek* (Bugarski 2005:55–56). Bugarski bendir á að flest föst orðasambönd og orðatiltæki með orðinu *žena* eru neikvæð (öll nema þau sem nefna konu í móðurhlutverki). Þannig er talað t.d. um konur sem *ženska glava* (bókstaflega ‚haus konunnar‘) í merkingunni ‚heimskur haus, vitleysingur‘ og einnig er talað um *ženska logika* (‚kvenleg rök‘) og *ženska pamet* (‚kvenlegur gáfur‘) sem þýðir skortur á rökvísi og rökhugsun. Hildur Knútsdóttir (2013) bendir líka á neikvæða aukamerkingu sem fylgir konum og stelpum í íslensku: „Þegar það á virkilega að niðurlægja karlmann er hann kvengerður. Strákar eru sagðir *hlaupa eins og stelpur, kasta bolta eins og stelpur, grenja eins og smástelpur og láta eins og kellingar*. Og það er hreint ekki sambærilegt að vera *strákastelpa* og *stelpustrákur*.“ Undarleg viðbrögð komu við orðinu *kona* einnig frá mannanafnanefnd þegar Kristbjörg Kristjánsdóttir reyndi í tvígang að sækja um að fá seinna eigin nafnið *Kona* en henni var neitað vegna þess að það þótti vera niðrandi fyrir stúlkubarn að fá nafnið *Kona* (Þórdís Lilja Gunnarsdóttir 2014). Undanfarið hafa um 50 konur skráð seinna nafnið *Kona* í símaskránni sem mótmæli við þessa skoðun mannanafnanefndar (Hringbraut 2019).

Eins og sýnt var í þessum undirkafla hefur skipting í karlkyns og kvenkyns starfsheiti farið vaxandi undanfarið og einnig notkun á orðunum *maður* og *kona* sem andheiti. Þetta virðist brjóta í bága við hugmyndina um aukið hlutleysi í málinu.

4.3 Samantekt

Í þessum kafla var sjónum beint að þeim aðgerðum sem hafa nýlega haft áhrif á kynjakerfi í íslensku og serbnesku. Í serbnesku var þetta að mestu leyti kvenvæðing, enda kynhlutleysing er ekki hentug, bæði vegna veikrar stöðu hvorugkyns í málinu og aðstæðum í serbnesku samfélagi sem leita ekki að meira hlutleysi. Á hinn bóginn hefur kynhlutleysing verið mjög virk á Íslandi (sérstaklega í formi hvorugkynjunar) en kvenvæðing virðist einnig koma fyrir í málinu, einkum í starfsheitum.

5 Lokaorð

Í þessari ritgerð hefur verið rætt um breytingar í notkun málfræðilegs kyns í íslensku og serbnesku í ljósi femínískrar málstýringar. Fjallað var um málfræðina þar sem kynjakerfi í báðum tungumálum var tekið til skoðunar, með áherslu á tengsl milli málfræðilegs og líffræðilegs kyns í nafnorðum sem vísa til fólks, samræmi milli nafnorða, lýsingarorða og fornafna og notkun persónufornafna yfir ótilgreinda einstaklinga. Málstefna tungumálanna tveggja og viðhorf til málstýringar voru til umræðu ásamt helstu hugmyndum femínískrar málstýringar. Þá var fjallað um þróun notkunar málfræðilegs kyns í ljósi ýmissa samfélagsbreytinga undanfarna áratugi og borin var saman þessi þróun í málsamfélögunum tveim.

Við samanburðinn kom í ljós að tvær af algengustu aðgerðunum í femínískri málstýringu eru virkar í þessum málsamfélögum. Sú aðgerð sem hefur náð árangri á Íslandi undanfarið er svokölluð hvorugkynjun og breytingar virðast snúast mest um notkun karlkyns til þess að vísa í ótilgreinda einstaklinga. Enn fremur eru hinsegin hópar mjög virkir á Íslandi og hafa farið að stýra þessari baráttu en femínísk málstýring hefur alltaf verið umdeild. Í serbnesku var virkasta aðferðin að mestu leyti kvenvæðing, enda kynhlutleysing ekki hentug, bæði vegna veikrar stöðu hvorugkyns í málinu og aðstæðum í serbnesku samfélagi sem leita ekki að meira hlutleysi. Með ókynjuðu málfari er í serbnesku samhengi að mestu leyti átt við mál sem bætir sýnileika kvenna í samfélaginu og dregur úr neikvæðum merkingarblæ um félagslega stöðu kvenna. Breytingar koma því mest sýnilega fram í notkun kvenkynsorða í starfsheitum og orðum sem lýsa konum.

Í Serbíu er markmið femínískrar málstýringar enn að vekja athygli á hlutleysi kynjanna meðal fræðimanna og almennings og umræðan snýst enn um stöðustýringu. Í íslensku hefur fókusinn fyrir löngu færst yfir á formstýringu og slík stýring getur skilað mjög miklu inngrípi í málkerfið svo það kemur ekki á óvart að þessi málstýring hafi mætt harðri mótstöðu meðal fræðimanna. Það sem kemur hins vegar á óvart er hversu lítið pláss málefni um mál og kyn hafi fengið í almennri umræðu á Íslandi í samanburði við Serbíu. Gagnlegt væri að rannsaka notkun málfræðilegs kyns ítarlegra til þess að geta ályktað nánar um umfang málbreytinga í íslensku.

Heimildaskrá

- Anna Helgadóttir. 2011. *Notkun málfræðilegra kynja í máli ungs fólks. Rannsókn á kynjanotkun í íslensku máli*. Meistararitgerð í íslenskum fræðum, Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Alda Villiljós. 2013. Hán – nýtt persónufornafn? *Knúz – femínískt vefrit*. Sótt af <https://knuz.wordpress.com/2013/09/09/han-nytt-personufornafn/>
- Ari Páll Kristinsson. 2017. *Málheimar. Sitthvað um málstefnu og málnotkun*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Ari Páll Kristinsson. 2017a. Íslensk málstefna. *Árnastofnun*. Sótt af <http://ait.arnastofnun.is/grein.php?id=704>
- Auður Eir Vilhjálmsdóttir. 2005. Mál beggja kynja. *Skíma 2*: 42-43.
- Ásta Svavarsdóttir. 1993. Gleðikonur og gleðimenn. Í: OrðAForði heyjaður Guðrúnu Kvaran 21. júlí 1993, bls. 14–17. Reykjavík. Sótt af <https://www.arnastofnun.is/is/greinar/barattan-um-tungumalid-gledikonur-gledimenn-og-annad-folk>
- Begović, Bojana. 2015. *Upotreba rodno osetljivog jezika i prikaz žena u štampanim medijima u Srbiji*. Fakultet političkih nauka, Univerzitet u Beogradu.
- Bugarski, Ranko. 1986. Pogled na jezičku politiku i jezičko planiranje u Jugoslaviji. *Kulturni radnik 1*, bls. 23–28
- Bugarski, Ranko. 2003. *Jezici*. Čigoja štampa, Beograd.
- Bugarski, Ranko. 2005. *Jezik i kultura*. Biblioteka XX Vek, Beograd.
- Bussmann, Hadumod og Marlis Hellinger. 2001. Gender Across Languages. The Linguistic Representation of Women and Men. Í Bussmann, Hadumod og Marlis Hellinger (ritstj.): *Gender Across Languages: The Linguistic Representation of Women and Men*. 1. bindi. John Benjamins, Amsterdam/Philadelphia, bls. 1–25.

- Eiríkur Rögnvaldsson. 2013. *Hljóðkerfi og orðhlutakerfi íslensku*. Sótt af <https://notendur.hi.is/eirikur/hoi.pdf>
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2017. Má gera kynusla í íslenskunni? Erindi flutt á 10.norrænu ráðstefnunni um málog kyn. Akureyri, 21. október.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2019. Endurskoðun málstaðals. Sótt af <https://uni.hi.is/eirikur/2019/09/04/endurskodun-malstadals/>
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2019a. Bur. Sótt af <https://uni.hi.is/eirikur/2019/09/15/bur/>
- Filipović, Jelena. 2009. Rodno osetljive jezičke politike: teorijske postavke i metodološki postupci. Í *Anali Filološkog fakulteta* 21, bls. 109-127.
- Finnur Friðriksson. 2017. Research on language and gender in Iceland. History and current trends. *HumaNetten Nr 38*. Sótt af <https://open.lnu.se/index.php/hn/article/view/759/679>
- Fær að heita Blær*. 2013. Morgunblaðið, 31. janúar. Sótt af <https://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/01/31/faer-ad-heita-blaer/>
- Grönberg, Anna G. 2002. Masculine generics in current Icelandic. Í Busmann, Hadumod og Marlis Hellinger (ritstj.) *Gender across languages: The linguistic representation of men and women*. 2. bindi. John Benjamins, Amsterdam/Philadelphia, bls. 163–185.
- Guðrún Þórhallsdóttir. 2005. Hvað mælir gegn máli beggja kynja? *Skíma* 28(2), bls. 44-48.
- Guðrún Þórhallsdóttir. 2005a. *Kvenvæðing og karlamálfræði*. Fyrirlestur á Hugvísindapingi, Háskóla Íslands, 18. nóvember 2005.
- Guðrún Þórhallsdóttir. 2008. Karlkyn eða hvorugkyn? Íslensk málhefð, feminísk málstýring og verkefni þýðingarnefndar. *Glíman* 5, bls. 103–133. Sótt af https://issuu.com/gliman/docs/gliman5_2008

- Guðrún Þórhallsdóttir. 2018. Gleðimenn, gleðimeyjar og Gleðikvennafélag Vallahrepps : Um sögu nokkurra gleði-orða og endurheimt orðsins gleðikona. *Ritið* 18(3), bls. 97-123.
- Hán – *Kynhlutlaus persónufornöfn*. 2016. Hinsegin frá Ö til A. Sótt af <https://otila.is/hinsegin-regnhlifin/kynvitund-og-kyntjaning/kynhlutlaus-personufornofn-han-he-hin/>
- Hentschel, Elke. 2003. Serbian. The expression of gender in Serbian. Í Busmann, Hadumod og Marlis Hellinger (ritstj.) *Gender across languages: The linguistic representation of men and women*. 3. bindi. John Benjamins, Amsterdam/Philadelphia, bls. 287–309.
- Hildur Knútsdóttir. 2013. Þegar tungumálið talar okkur. *Knúz – femínískt vefrit*. Sótt af <https://knuz.wordpress.com/2013/04/09/tegar-tungumalid-talar-okkur/>
- Hringbraut*. 2019. Um 50 konur hafa skráð millinafnið Kona í símaskránni - Mannanafnanefnd heimilar ekki nafnið. *Hringbraut*, 13. júlí. Sótt af <https://hringbraut.frettabladid.is/frettir/um-50-konur-hafa-skrad-millinafnid-kona-i-simaskranni-mannanafnanefnd-heimilar-ekki-nafnid>
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar. Handbók um setningafræði*. Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Institut za srpski jezik SANU*. e.d. About the institute. Sótt af <http://www.isj.sanu.ac.rs/gb/o-nama/o-institutu/>
- Iris Edda Nowenstein. 2013. Að gera málderfið að karlrembusvíni. *Knúz – femínískt vefrit*. Sótt af <https://knuz.wordpress.com/2013/04/17/ad-gera-malkerfid-ad-karlrembusvini/>
- Íslensk málnefnd*. e.d. Íslensk málnefnd. Sótt af <https://islenskan.is/>
- Jón Axel Harðarson. 2001. Um karla og karlynjur. Málfræðilegt samband karlkyns og kvenkyns í íslenzku frá sögulegu og samtímalegu sjónarhorni. *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 23, bls. 253-274.

- Josephson, Jyl og Þorgerður Einarsdóttir. 2016. Language Purism and Gender. Icelandic Trans*Activists and the Icelandic Linguistic Gender Binary. *TSQ: Transgender Studies Quarterly*. Vol. 3 (3–4), nóvember 2016, bls. 376–387.
- Katrín Axelsdóttir. 2018. 223. pistill. Úr pistlaröð Jóns G. Friðjónssonar á vef Árnastofnunar. Sótt af <https://malfar.arnastofnun.is/grein/73816>
- Katrín Harðardóttir. 2014. *Úr einum í önnur: Tillaga að þýðingu í ljósi femínískrar þýðingafraeði*. Meistararitgerð í þýðingafraeði, Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls nr.61/2011
- Mills, Sara. 2003. Third Wave Feminist Linguistics and the Analysis of Sexism. *Discourse Analysis Online*. Sótt af <https://extra.shu.ac.uk/daol/articles/open/2003/001/mills2003001.html>
- Mills, Sara. 2008. *Language and Sexism*. Cambridge University Press, New York, NY.
- Odbor za standardizaciju srpskog jezika. 2017. *Odluke Odbora za standardizaciju srpskog jezika*. Odbor za standardizaciju srpskog jezika, Beograd.
- Piper, Predrag og Ivan Klajn. 2017. *Normativna gramatika srpskog jezika*. Matica srpska, Novi Sad.
- Pauwels, Anne. 1998. *Women Changing Language*. Longman, London.
- Pauwels, Anne. 2003. Linguistic sexism and feminist linguistic activism. Í Holmes, J. og Meyerhoff, M. (ritstj.), *The handbook of language and gender*. Blackwell Publishing, Oxford, bls. 550–570.
- Rajić, Ljubiša. 1982. *Jezik i pol*. Kultura, Beograd.
- Savić, Svenka. 2009. Uputstva za standardizaciju rodno osetljivog jezika. Í Savić, S., M. Čanak, V. Mitro, G. Štasni (ritstj.), *Rod i jezik. Ženske studije i istraživanja/Futura publikacija*, Novi Sad, bls. 301–320.

- Selma Gunnarsdóttir. 2009. *Málfræðilegt kyn í móðurmálskennslu. Rannsókn á fræðslu um kyn í móðurmálskennslu*. Meistararitgerð í íslenskum fræðum, Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Selma Margrét Sverrisdóttir. 2016. *Hann, hún og það... eða hvað? Um kynhlutlausu persónuformafnið hán*. Meistararitgerð í íslenskum fræðum, Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af <https://skemman.is/handle/1946/24447>
- Slapšak, Svetlana. 1996. OGLEDI V-VIII: Žene i rat u bivšoj Jugoslaviji. *Republika* 145+146, bls. 5-8.
- Snorri Másson. 2019. Leggur til óbreytta beygingu Sigríðar. *Morgunblaðið*, 10. júlí. Sótt af www.mbl.is/frettir/innlent/2019/07/10/leggur-til-obreytta-beygingu-sigridar
- Sólveig Klara Rangarsdóttir. 2019. Stulkur mega nú heita Ari og drengir Anna. *RÚV*, 21. júní. Sótt af <https://www.ruv.is/frett/stulkur-mega-nu-heita-ari-og-drengir-anna>
- Steinþór Steingrímsson. 2015. Í dag varð hún kona (eða að minnsta kosti svona frekar nýlega). Í Jón Hilmar Jónsson, Halldóra Jónsdóttir og Margrét Guðmundsdóttir (ritstj.): *Ástumál Kveðin Ástu Svavarsdóttur Sextugri : 19. Janúar 2015*, bls. 64-73.
- Þingskjal nr. 1750/2018–2019. Þingsályktun um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/149/s/1750.html>
- Þóra Björk Hjartardóttir. 2004. Baráttan um orðin. Orðanotkun tengd samkynhneigð. *Íslenskt mál* 26, bls. 83-122.
- Þorbjörg Þorvaldsdóttir. 2017. Hvað með 'það'? Persónuformafnið sem hentar ekki þegar vísað er í folk. Erindi flutt á 10.norrænu ráðstefnunni um málog kyn. Akureyri, 21. október.
- Þórdís Lilja Gunnarsdóttir. 2014. Sterkar, flottar, sjálfstæðar konur. *Vísir*, 20. febrúar. Sótt af <https://www.visir.is/g/2014702209999>

Þorgerður Einarsdóttir. 2004. Hið vísindalega er pólitískt: femínismi sem fræðikenning andófs og breytinga. *Íslensk Félagsfræði*, bls. 200-225.

Þorgerður Þorvaldsdóttir. 2000. Er í alvöru til eitthvað sem heitir eðli, hjá mannfólki og sem munur á milli kynjanna? *Vísindavefurinn*, 3. nóvember. Sótt af <http://visindavefur.is/svar.php?id=1084>